



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hugvísindasvið

**Baráttusaga kommúnista á Ísafirði
1930-1935**

Ritgerð til B.A.- prófs

Björgvin Bjarnason

Júní 2013

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

Baráttusaga kommúnista á Ísafirði 1930-1935

Ritgerð til B.A.- prófs í sagnfræði

Björgvin Bjarnason

Kt.: 140149-7219

Leiðbeinandi: Ragnheiður Kristjánsdóttir

Ágrip

Í tveimur skjalakössum í bókasafninu á Ísafirði eru gögn sem komin eru frá Halldóri Ólafssyni frá Gjögri fyrrum bókverði safnsins en hann var einn af forystumönnum kommúnista á Ísafirði um 1930. Í öðrum kassanum eru mestan part gamlar fundargerðarbækur frá félögum, deildum og sellum kommúnista og hafa sumar bækurnar verið notaðar fyrir fleiri en eitt félag. Í hinum kassanum eru bréf sem gengið hafa á milli kommúnista, ásamt fundargerðum og ályktunum auk annars efnis, sem flest er tengt starfsemi kommúnistahreyfingarinnar. Þessir tveir kassar, ásamt námskeiðum í sagnfræði um íslenska vinstrihreyfingu og kommúnista og áhugi á íslenskum stjórnámálum á tuttugustu öld, urðu til þess að ritgerð þessi var skrifuð.

Ritgerðinni er ætlað að varpa ljósi á baráttuaðferðir kommúnista á árunum í kringum 1930 og lýsa því hvernig starfsemin á Ísafirði var og hvaða áhrifum kommúnistar þar náðu. Skoðað verður hvernig þeir leituðu eftir áhrifum í bæjarmálum og félagasamtökum og þá einkum verkalýðsfélögum og hvaða árangur það bar. Við hverja áttu kommúnistar fyrst og fremst í baráttu og hvernig fór sú barátta fram? Voru það einstaklingar fremur en atburðir sem höfðu mest áhrif á gang mála? Voru þær leiðbeiningar sem þeir fengu sniðnar að þörfum áhugasamra félaga sem áttu sér rætur í sjávarbyggð vestur á fjörðum, þar sem útgerð og fiskvinnsla setti mark sitt á samfélagið? Voru forystumenn kommúnista með skipulögum hætti hraktir burt úr bænum eða var ekki hljómgrunnur fyrir starfsemi þeirra og fjöldi þátttakenda ekki nógu mikill? Hvernig var samskiptum þeirra við kommúnista annars staðar háttað og hafði það áhrif að þrír þeirra fóru til Moskvu til náms í byltingarfræðum og að tveir fóru í annars konar heimsóknir til Moskvu?

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
1 LIÐSMENN KOMMÚNISTA	6
1.1 Ritstjórinn Halldór.....	6
1.2 Bæjarstjórahjónin	10
1.3 Byltingamenn frá Moskvu.....	13
1.4 Skraddarafjölskyldan.....	17
1.5 Aðrir liðsmenn.....	18
2 STARF Í FÉLÖGUM OG SELLUM	21
2.1 Kommúnistafélag (klúbbur) Ísafjarðar	22
2.2 Félag ungra jafnaðarmanna	24
2.3 Sellur	25
2.4 Ungherjar og æskulýðsstarf.....	28
2.5 Baráttuhópur í Baldri.....	31
2.6 Önnur félagsstarfsemi.....	33
3 ÁFÖLL OG SIGRAR	35
3.1 Brottrekstur bæjarstjórans og fátækramálin	35
3.2 Bæjarstjórnarkosningar 1934	40
3.3 Brottrekstur úr Baldri	43
3.4 Aftur kosið 1935.....	45
NÍÐURSTÖÐUR	50
HEIMILDIR	53
Viðauki A – Skýrsla yfir tölu félaga í FUK	57
Viðauki B – Spurningar kommúnistamiðstjórnarinnar í Reykjavík	58
Viðauki C – Kosningaúrslit í bæjarstjórnarkosningum á Ísafirði 1930-1950	59
Viðauki D – Kosningaúrslit bæjarstjórnarkosninga á Íslandi 1930 og 1934	61

INNGANGUR

Á undanförnum árum hafa fræðimenn af vaxandi áhuga fjallað um stjórnmalasögu Íslands á 20 öld. Segja má að þetta hafi að nokkru gerst eftir að atburðir hafa fjarlægst í tíma og sagan þannig fengið nýtt sjónarhorn. Þar til viðbótar hefur komið þörf á uppgjöri við stjórnmalahreyfingu sem beðið hefur skipbrot á vettvangi heimsstjórnmalanna. Þannig er bók Hannesar H. Gissurarsonar *Íslenskir kommúnistar 1918-1988* ætlað að ná yfir sögu kommúnistahreyfingarinnar á Íslandi frá vöggu til grafar og fer þar fram gagnrýnin úttekkt á hugmyndafræði og starfsaðferðum. Þór Whitehead hóf rannsóknir á sögu íslenskrar kommúnistahreyfingar um 1970 og bætti verulega við fyrri verk fyrir fáum árum þegar út kom bókinn *Sovét-Ísland-Óskalandið* þar sem hann gerir grein fyrir baráttuaðferðum kommúnista og tengslum þeirra við Moskvu. Auk þeirra Þórs og Hannesar hafa Jón Ólafsson, Arnór Hannibalsson og Valur Ingimundarson ásamt Árna Snævarr og Snorri G Bergsson fjallað um tenglin við yfirstjórn alþjóðahreyfingar kommúnista Komintern og þau áhrif sem valdboð hreyfingarinnar hafði hér á landi. Þeir hafa einnig hver með sínum hætti fjallað um ýmsa þætti starfseminnar hér á landi, mest frá 1920 og fram undir 1960.

Í grein sem Svanur Kristjánsson skrifaði árið 1984 skilgreinir hann kommúnistahreyfinguna á Íslandi og skiptir sögu hennar í tvö tímabil, annars vegar frá 1920-1930 þegar kommúnistar störfuðu innan Alþýðuflokksins og hins vegar tímabilið 1930-1938 þegar Kommúnistaflokkur Íslands starfaði.¹ Hann telur einnig að Kommúnistaflokkur Íslands hafi einn flokka sameinað það þrennt að aðhyllast hugmyndafræði um vopnaða byltingu, vera í miðstýrðum alþjóðasamtökum og hlotið umtalsvert fylgi í kosningum. En hverjir voru þessir menn sem á árunum eftir 1920, sáu bjargráð fyrir bættum hag, birtast í byltingu þjóðfélagsins að erlendri fyrirmynd, jafnvel eftir fyrirmælum erlendis frá. Í bók sinni *Nýtt fólk* gerir Ragnheiður Kristjánsdóttir grein fyrir hugmyndum þessa fólks og setur það í samhengi við sjálfstæðisbaráttuna og hugmyndir um íslenskt þjóðerni. Einnig tekur hún til umræðu afstöðu annarra

¹ Svanur Kristjánsson: „Kommúnistahreyfingin á Íslandi“, bls. 201.

kommúnistaflokka í V-Evrópu til þjóðernisstefnu og áhrif Komintern á marxlenínískar kenningar þar og á Íslandi.²

Baráttuhreyfing kommúnista á árunum um og eftir 1930 er á vissan hátt samtvinnuð verkalýðshreyfingunni og Alþýðuflokknum á þessu tímabil. Um það efni hefur töluvert verið skrifað. Þannig hefur Sigurður Pétursson rakið sögu Alþýðusambandsins og Alþýðuflokksins frá 1916-1930 í ritgerð og einnig skrifað bók um verkalýðsmál á Vestfjörðum á þessu sama tímabili og einnig er rétt að geta hér um skrif Jóns Þ. Þór um sögu Ísafjarðar, en sá bær er að mestu sögusvið þessarar ritgerðar.

En hverjir voru það sem á vormánuðum 1930 hófu á loft kommúníska baráttu undir merkjum byltingar vestur á Ísafirði? Í bókinni *Nýtt fólk* er talað um að skipta megi alþýðuflokksfólki á þriðja áratugnum í þrjá hópa eftir afstöðu þeirra til alþjóðlegra sósíalístahreyfinga. Í fyrsta hópnum voru þeir sem töldu sig eiga samleið með sósíaldemókrötum á Norðurlöndum, í öðrum hópnum þeir róttæku sem fylgdu Ólafi Friðrikssyni og voru tilbúnir að lýsa yfir stuðningi við byltinguna í Sovétríkjunum en vildu ef til vill ekki ganga lengra og svo í þriðja lagi ungir menn sem vildu byggja upp stjórnmalahreyfingu á kommúnískum grundvelli í nánú samráði við Komintern.³ Fellur þessi skilgreining vel að Ísafirði, þeim bæ sem í eina tíð var kallaður „rauði bærinn“. Hvernig var starfað í þeim félagsskap sem reyndi eftir mætti að fara eftir þeim starfslínum sem þeim voru lagðar um kommúníska starfsemi? Var starfið vel skipulagt og gekk vel að fara eftir þeim leiðbeiningum sem gefnar voru? Við hverja áttu ísfirskir kommúnistar, eftir að þeir höfðu gengið formlega frá stofnun flokks, helst í baráttu við og hvernig gekk sú barátta? Höfðu þeir gagn af þeim upplýsingum sem þeir fengu frá félögnum sem fóru til Moskvu og var um að ræða hugmyndir sem auðvelt var að setja inn í ísfirskan veruleika? Í síðasta hluta þessarar ritgerðar verður svo gerð grein fyrir þeim sigrum sem telja má að hafi unnist í baráttunni og þó enn frekar þeim áföllum sem þeir urðu fyrir og telja má að hafi orðið til þess að dregið hafi mjög úr starfsemi þessara áhugasömu manna sem hófu byltingarstarf á Ísafirði í miðri heimskreppunni.

Á Ísafirði voru íbúarnir árið 1930 rúmlega 2400 og var íbúaaukningin á áratugnum á undan um 400 manns. Til bæjarins höfðu flutt um 860 íbúar annars staðar frá, mest úr

² Ragnheiður Kristjánsdóttir: *Nýtt fólk*, bls. 18-20.

³ Ragnheiður Kristjánsdóttir: *Nýtt fólk*, bls. 185.

öðrum sveitarfélögum Ísafjarðarsýslu og úr Strandasýslu. Þegar tekið er tillit til þessa og þeirra sem fæddir eru umfram dána er ljóst að töluverður fjöldi hefur flutt burt. Á þessum tíma er Ísafjarðarkaupstaður fimmti stærsti þéttbýlisstaður landsins. Íbúar Reykjavíkur voru um 28 þúsund og á Akureyri, Vestmanneyjum og Hafnarfirði bjuggu 3 - 4 þúsund manns á hverjum stað.

Kaupstaðurinn átti sér langa sögu sem stærsti kaupstaður á Norð-vesturluta landsins. Útgerð og verslun hafði blómgastr þar á síðustu áratugum 19. aldar og kvað þá mest að Ásgeirsverslun sem stofnuð var af Ásgeiri Ásgeirssyni og rekin af honum og syni hans Ásgeiri yngri. Hinar sameinuðu íslensku verslanir hófu starfsemi árið 1912 og urðu umsvifamikið fyrirtæki víða um land og í Kaupmannahöfn. Hinn 1. desember 1918 tóku Sameinuðu yfir svo að segja allan atvinnurekstur Ásgeirsverslunar. Rekstur Sameinuðu eins og þær voru kallaðar í daglegu tali gekk aldrei vel og svo fór að fyrirtækið hætti starfsemi árið 1926.⁴

Að öðrum fyrirtækjum á Ísafirði steðjaði líka margskonar vandi. Aflabrögð voru sæmileg á árunum 1923-26 þó svo að síldveiðar hafi brugðist að hluta síðasta árið. Eftir það fór að draga mjög úr lönduðum afla og á árunum 1925-27 fór verðlag mjög lækkandi, meðal annars vegna lækkandi verðs á Spánarmarkaði. Svo fór að margar ísfirskar útgerðir urðu gjaldþrota og neyddust til að hætta rekstri á árunum 1926-27.⁵

Alþýðuflokkurinn sem stofnaður var árið 1916 náði fljótlega forystuhlutverki í bæjarstjórn Ísafjarðar. Allt frá árinu 1920 hafði hann meirihluta bæjarfulltrúa og varð það til þess að bærinn var tíðum kallaður „rauði bærinn“. Fram til ársins 1929 fóru bæjarstjórnarkosningar fram árlega í janúar og voru kosnir þrjú af níu bæjarfulltrúum hvert ár. Meirihlutinn var tryggur og mestur var hann eftir kosningar árið 1922 þegar Alþýðuflokkurinn átti sjö af níu bæjarfulltrúum.

Af forystumönnum ísfirskra jafnaðarmanna á þessum tíma má nefna sr. Guðmund Guðmundsson prest frá Gufudal á Barðaströnd, sem flutti til Ísafjarðar árið 1905 og gerðist kennari við barnaskólann og tók árið 1908 við forstöðu Félagsbakarísins. Árið 1916 hóf hann útgáfu vikublaðsins *Njarðar* og gerðist síðar ritstjóri *Skutuls*, blaðs jafnaðarmanna.

⁴ Jón Þ. Þór: *Saga Ísafjarðar IV bindi*, bls. 125-7.

⁵ Jón Þ. Þór: *Saga Ísafjarðar IV bindi*, bls. 133-5.

Sonur hans var Haraldur alþingismaður sem varð fyrsti ráðherra Alþýðuflokksins. Af öðrum krötum frá þessu tímabili skulu nefndir Finnur Jónsson sem flutti til Ísafjarðar frá Akureyri árið 1920 og gerðist þar póstmeistari. Síðar varð hann bæjarfulltrúi, formaður Verkalýðsfélagsins Baldurs, alþingismaður og ráðherra, Guðmundur G. Hagalín rithöfundur, Vilmundur Jónsson síðar alþingismaður og landlæknir, sem var héraðslæknir á Ísafirði frá 1917-1931. Síðast en ekki síst má nefna Hannibal Valdimarsson sem hóf afskipti af ísfirskum verkalýðs og stjórnámálum um svipað leyti og Vilmundur flutti á brott.

Alþýðuflokkurinn bauð fyrst fram í Alþingiskosningum á Ísafirði árið 1923 og skorti þá einungis eitt atkvæði upp á að Haraldur Guðmundsson næði kjöri, en í öllum kosningum þar á eftir fram til ársins 1950 var Alþýðuflokksmaður þingmaður Ísfirðinga.⁶

Árið 1927 beitti bæjarstjórn jafnaðarmanna á Ísafirði sér fyrir kaupum á eignum sem verið höfðu í eigu Sameinuðu og efndu upp úr því til umfangsmikillar bæjarútgerðar. Ekki er vitað með vissu hver átti hugmyndina að þessu samvinnufélagi sjómanna og verkafólks,⁷ en ljóst er að meirihluti Alþýðuflokks í bæjarstjórn Ísafjarðar stóð þar fast að baki. Þrátt fyrir sífelldar árásir pólitískra andstæðinga létu þeir það ekki á sig fá við eflingu þess félags og reyndar fleiri félaga sem þeir stofnuðu til með samvinnufélagssniði. Þeir stofnuðu svo einnig til umfangsmikils kúabúskapar á jörðunum Seljalandi og Tungu sem einnig varð til þess að skerpa pólitískar línur milli þeirra og íhaldsins eða sjálfstæðismanna. Í kosningunum 1930, þegar í fyrsta sinn var kosið um alla bæjarfulltrúa samtímis, fékk Alþýðuflokkurinn um 60% atkvæða og tryggan meirihluta. En það er einmitt á þessu ári, árinu 1930 sem ísfirskir kommúnistar byrja að skipuleggja baráttu sína með félags og fundarstarfsemi.

⁶ Hagstofa Íslands: *Kosningaskýrslur. I–II bindi.*

⁷ Jón Þ. Þór: *Saga Ísafjarðar IV bindi*, bls.140.

1 LIÐSMENN KOMMÚNISTA

Allur áróður verður að vera í samræmi við fyrirmæli og ákvarðanir Komintern. Öll málgögn skulu lúta flokksforystunni. Þeim er skylt að reka áróður fyrir alræði öreiganna og gegn burgeisum og endurskoðunarsinum.⁸

Árið 1930 hófst samstarf manna á Ísafirði sem heillast höfðu af byltingarhugsjón sem átti rætur sínar í Rússlandi og sameinaðist í kennisetningum um alræði öreiganna. Þjóðfélag sem hafnaði auðvaldi og sá fyrir sér fyrirmyndarríkið reist á hugmyndum Marx og Leníns. Flestir þeirra voru ungir menn sem kynnst höfðu þessum hugmyndum samhliða skólanámi á Akureyri eða í vinnu á Siglufirði. Í hópnum voru einnig fáeinir eldri félagar og þar í hópi nokkur hjón sem mótað höfðu með sér sameiginlegar hugsjónir um fyrirmyndir sem flytja mætti inn í íslenskan veruleika. Þetta var hugsjónafólk sem vildi berjast fyrir málstað sem það trúði á og taldi að best mundi duga til að bæta kjör alþýðunnar.

Þetta fólk var tilbúið til að leggja mikið á sig í þeirri baráttu. Það hafði reynt eftir föngum að kynna sér sem best hvaða árangur hafði náðst og hvernig baráttan átti að fara fram. Það sést ekki að uppi hafi verið miklar efasemdir um að fara bæri eftir þeim fyrirmælum sem bárust frá Moskvu í gegnum Reykjavík. Þau bréf sem bárust frá Moskvu voru afdráttarlaus um að leiðsögn þaðan mætti og bæri að treysta.⁹ En hverjir voru þeir, þessir baráttumenn, sem vorið og sumarið 1930 hefjast handa við að sinna starfi í anda Rússnesku byltingarinnar undir leiðsögn Komintern.

1.1 Ritstjórinn Halldór

Í ársbyrjun 1928 lét Guðmundur Guðmundsson frá Gufudal af ritstjórn *Skutuls*, vikublaðs sem hann hafði stofnað fimm árum fyrr og kom út á Ísafirði. Á meðan Guðmundur var

⁸ Snorri G. Bergsson: *Röðinn í austri*, bls.77. Úr inntökuskilyrðum í Komintern sem Lenín lagði fram og fékk samþykkt. Skilyrðin ganga undir ýmsum nöfnum á íslensku eins og Moskvuskilyrði, Moskvutesur eða Moskvugreinar.

⁹ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1886/417. Bréf Eyjólfis Árnasonar til Halldórs Ólafssonar.
Héraðsskjalasafnið á Ísafirði, 1886/417. Bréf Eggerts Þorbjarnarsonar til Halldórs Ólafssonar.

ritstjóri blaðsins var það mjög eindregið í stuðningi sínum við Alþýðuflokkinn. Þegar Guðmundur hættir ritstjórn og útgáfu afhendir hann blaðið Verkalýðssambandi Vestfjarða til eignar og umráða og ritstjóri þess og ábyrgðarmaður verður Halldór Ólafsson¹⁰ oftast kenndur við Gjögur. Halldór, sem var um langan tíma einn helsti baráttumaður kommúnista á Ísafirði, var fæddur í Strandasýslu árið 1902 og flutti með móður sinni til Ísafjarðar 16 ára gamall. Hann lauk gagnfræðaprófi frá Akureyri 1922. Einnig dvaldi hann á Siglufirði og í Reykjavík¹¹ og komst þannig í kynni við marga forystumenn kommúnista sem hann stóð síðan í bréfaskriftum við.

Þótt ekki hafi komið fram ágreiningur við Alþýðuflokkinn í upphafi er fljótlega farið að birta greinar í anda kommúnismanns um auðvaldsríkin, þar sem sagt er að frásagnirnar styðjist við bók eftir N.Bucharin sem heiti *Kommunismens A B C*.¹² Í greinum þessum var því lýst hvernig auðvaldsríkin byggðu þjóðskipulag sitt á kúgun verkalýðsins og það eina sem yfirstéttin óttist sé verkalýðsbylting.

Nýi ritstjórinn fær góða leiðsögn hjá Brynjólfi Bjarnasyni helsta forystumanni kommúnista á Íslandi um það hvernig hann skuli haga skrifum sínum í blaðið svo að sem mest gagn verði að fyrir þann málstað sem þeir berjast fyrir. Brynjólfur skrifar honum bréf 3. apríl 1929 og segir honum í upphafi frá áformum krata um að reka Magnús [V Jóhannesson]¹³ úr Dagsbrún á næsta fundi. Óvíst sé um niðurstöðuna m.a. vegna þess að afstaða Ólafs Friðrikssonar ráðist af því hvernig stemmingin verði á fundinum. Síðan segir Brynjólfur í bréfinu:

Í þessu máli þurfum við á aðstoð þinni að halda. Grein á leiðinni frá Otto. Svo skrifið þið nánar um málið þegar bókin kemur frá Magnúsi. Leggið áherslu á hneyksli kratanna, meira en á að verja Magnús. Um að gera að vera í sókn en ekki vörn. Sjerstaklega á erindrektur Hjeðins fyrir B.P og á yfirhilmunguna yfir skattsvikin.

Jeg hef talað við Ingólf um birtingu skilmálanna. Hann situr fast við sinn keip í þessu máli. Annars held jeg að hann hefði ekki gert veður þó þú hefðir birt skilmálana upp á eigin eindæmi. Jeg held að þjer sé óhætt að nota *Skutul* töluvert að

¹⁰ *Skutull* 7. jan. 1928.

¹¹ Snorri G. Bergsson: *Róðinn í austri*, bls. 342.

¹² *Skutull* 4. feb. 1928.

¹³ Magnús V Jóhannesson var formaður hinnar svonefndu rauðu stjórnar í Dagsbrún sem sósíaldemókratar felldu í stjórnarkjöri 1927.

þeim bræðrum forspurðum.¹⁴ Ingólfur vill ekki vera ábyrgur fyrir birtingunni, en ég held hann láti land og leið þó sitthvað sjé birt. Jeg leiddi honum fyrir sjónir að það er vitfirring að láta *Alþ.bl.* kúga sig með blaðaeinokun sinni meira en þörf gerist. Vertu bara stífur og farðu sem mest þínu fram og haltu fast við ritstjórastöðuna. Það nær engri átt fyrir þig að fara frá af frjálsum vilja hvað sem í skerst.¹⁵

Skutull kemur út því sem næst vikulega þau þrjú ár sem Halldór ritstýrir blaðinu. Oftast er blaðið fjórar síður en stundum aðeins tvær. Blaðið birtir auglýsingar, fréttir af bæjar- og héraðsmálum og inn á milli efni af kommúnistum og baráttu þeirra gegn auðvaldinu. Þegar líður að bæjarstjórnarkosningum í janúar 1930 er ekki annað að sjá á skrifum blaðsins en að fullur stuðningur sé við framboð Alþýðuflokksins. Gefið er út sérstakt aukablað og greinar skrifaðar um ágæti Alþýðuflokksins við stjórn bæjarfélagsins.

Ritstjórinn er áhugasamur um að fylgjast með því sem gerist erlendis og skrifar kollega sínum Carsten Aasebol ritstjóra *Klassekampen* í Oslo og biður hann að senda sér sitt blað gegn því að hann sendi *Skutul* til Noregs. Hann skýrir út fyrir Aasebol að á Íslandi ráði kommúnistar ekki yfir nema einu blaði sem heitir *Réttur*. Öll önnur vinstrisinnuð blöð séu Alþýðuflokksins. Hann sé að vísu ritstjóri *Skutuls* en þurfi að fara mjög gætilega og geti ekki haft efnisval blaðsins eins og hann vilji helst.¹⁶ Einnig skrifar Halldór bréf til Hjalta Árnasonar sem þá er í Kaupmannahöfn og biður hann um að sér séu send blöð kommúnista. Í svarbréfi Hjalta vonast hann til þess að Halldór hafi fengið bæði *Arbejderblaðið* og *Ny Dag* sem hann hafi beðið um að væru send til hans. Einnig uppfærðir hann Halldór um það sem er að gerast í Finnlandi og í lok bréfsins spyr Hjalti svo Halldór að því hvort ekki sé komið að því að hann fari til Rússlands svo að ætla má að það hafi verið í umræðunni að Halldór færi þangað til náms.¹⁷

Reynt er að stýggja ekki Alþýðuflokkinn um of með skrifum í blaðið. Ekki er þó líklegt að framkvæmdastjóra Samvinnuútgerðarinnar á Ísafirði og stjórnarmönnum Kaupfélagsins, helstu forystumönnum kratanna, hafi líkað vel að sjá grein eftir Jens Figved á forsíðu *Skutuls* 9. ágúst 1929. Í greininni fjallar Jens um um ástand mála á Hornafirði sem hann segir slæmt, fátækt og bjargarleysi meðal verkamanna og bænda sé hvergi jafn

¹⁴ Hann á við bræðurna Ingólf og Finn Jónsson.

¹⁵ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1886/417. Bréf Brynjólfs Bjarnasonar til Halldórs Ólafssonar.

¹⁶ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1886/417. Bréf Halldórs Ólafssonar til Carsten Aasebol ritstjóra í Oslo.

¹⁷ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1886/417. Bréf Hjalta Árnasonar til Halldórs Ólafssonar.

mikið og þar og hann kennir samvinnufélagunum um. Þau séu allsráðandi í atvinnurekstri á Hornafirði og haldi launum niðri.¹⁸

Jens Figved er áhugasamur um að vita hvort grein hans hafi birst í *Skutli* og skrifar Halldóri ritstjóra tvö bréf. Hið fyrra frá Eskifirði í lok ágúst og það síðara þremur mánuðum síðar, þá kominn til náms í Moskvu. Hann vill að þeir félagarnir séu duglegir að skrifast á og að hann fái *Skutul* sendan til sín. Í síðara bréfinu gætir mikillar óþolinmæði gagnvart félagunum því hann skrifar:

Ég veit ekki hvort þú hefir birt greinina sem ég sendi þér, en ef svo er viltu þá senda mér þann „*Skutul*“ og svo framvegis reglulega. Hver andskotinn gengur að ykkur öllum íslensku kommúnistunum ég skrifaði til Siglufj. Ísafj. Rvk. Akureyrar o.s.fr. áður en ég fór að heiman og gaf ykkur adr. mína (til Hjalti) en enginn ykkar hefur svarað. Þú sem ekki hefur annað að gera en að skrifa og sova ættir að geta „skitið“ einu bréfi til mín úr þér. Skrifðu mér nú langt bréf gamli djöfull og þú skalt fá annað í staðin. Er Eyjólfur lifandi, er Eggert dauður. Hvernig líður krötunum. Ingibj. hitti ég í Kbh við Stefán Pjetursson flúðum undan henni til Berlínar.¹⁹

Ingibjörg sem þeir Jens Figved og Stefán Pjetursson hitta í Kaupmannahöfn er trúlega Ingibjörg Steinsdóttir en hún var þá gift Ingólfi Jónssyni bæjarráðsmanni á Ísafirði. Jens Figved hefur að öllum líkindum fengið *Skutul* sendan um síðir, í það minnsta skrifar hann í júlí 1930 grein í *Skutul* um 5 ára áætlun í Ráðstjórnarríkjunum sem hann nefnir „Pólítískir tölustafir“ og fer þar yfir þann stórkostlega árangur sem hann segir að þá þegar hafi náðst í þeirri 5 ára áætlun sem hófst 1928.²⁰ Það er sama hvar greinarhöfund ber niður, alls staðar hefur sovétfyriřkomulagið sýnt yfirburði sína. Iðnaðarframleiðslan hefur aukist um tugi prósentu og laun verkamanna hækkað um 75 % og sjö stunda vinnudagur fimm daga í viku lögboðinn. Greinina birtir ritstjórinn Halldór Ólafsson ekki í blaðinu fyrr en í nóvember í einu af síðustu blöðunum sem hann ritstýrir.

Í bréfi sem Steinþór Steinsson, sem var bróðir Ingibjargar skrifar félaga sínum í Reykjavík í byrjun október 1930 segir hann að góður gangur sé í baráttu kommúnista og þeir séu orðnir mjög óvinsælir, nánast útskúfaðir, og að þetta hafi breyst mjög á síðustu

¹⁸ „Frá Hornafirði“, *Skutull*, 9. ágúst 1929.

¹⁹ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1886/417. Bréf Jens Figved til Halldórs Ólafssonar.

²⁰ „Pólítískir tölustafir“, *Skutull*, 18. nóvember 1930.

þremur vikum. Hann segist einnig búast við því að þeir missi *Skutul* þá og þegar og að ef til klofnings kæmi í Jafnaðarmannafélaginu á Ísafirði mundu um 20 fylgja okkur. Hann vill herða á í baráttunni og þá einkum meðal þeirra yngri og hefur hug á að stofna ungliðaflokk en vantar allar mögulegar upplýsingar til þess.²¹

Í síðasta tölublaði ársins kveður ritstjórinn með stuttri og hlutlausri tilkynningu þar sem hann segir að frá og með þessu síðasta blaði láti hann af ritstjórn og við taki Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna.²² Fyrsta tölublað ársins skýrir ástæður breytinganna. Þar er sagt að Finnur Jónsson taki við ritstjórn og blaðið sé undir stjórn Fulltrúaráðs Alþýðuflokksfélaganna á Ísafirði og gildi þessi ráðstöfun þar til þing Verkalýðssambands Vestfjarða komi saman síðar í mánuðinum. Ástæður breytinganna eru sagðar óánægja mikils meirihluta Alþýðuflokksmanna með skrif blaðsins síðastliðið ár. Gagnrýni sem sett sé fram á réttan hátt geti verið nauðsynleg, en út á við verði flokkurinn að standa saman sem einn maður. Stjórn Verkalýðssambands Vestfjarða hafi reynt að sveigja sambandið til þess sem kallað er „óháð verkalýðssamband“ og skrifað félögunum síðastliðið sumar til þess að fá þau til að samþykkja þær hugmyndir. Aðeins eitt félag og það nýstofnað hafi fallist á hugmyndirnar. Því sé ljóst að ekki sé fylgi við breytingar innan verkalýðshreyfingarinnar.²³ Á fundi Verkalýðssambandsins sem haldinn var á Ísafirði 27. janúar 1931 var svo skipt um stjórn í sambandinu. Formaður var kjörinn Finnur Jónsson og með honum í stjórn Guðmundur Hagalín og Vilmundur Jónsson og þannig tryggt að Alþýðuflokkurinn hefði tögl og hagdir í svæðisstjórn verkalýðsfélaganna á Vestfjörðum og blaðaútgáfu *Skutuls*.

1.2 Bæjarstjórahjónin

Eftir að Alþýðuflokkurinn hafði náð meirihluta í Bæjarstjórn Ísafjarðar varð það áhugamál þeirra að ráða sérstakan bæjarstjóra sem framkvæmdastjóra sveitarfélagsins í stað bæjarfógeta, sem var oddviti bæjarstjórnar að lögum.²⁴ Með lögum frá 1917 var þetta heimilt ef 3/5 hlutar bæjarbúa samþykktu í almennri atkvæðagreiðslu. Í sex kosningum, sem um þetta var kosið og fram fóru á tímabilinu 1919 til 1929 tókst Alþýðuflokknum ekki

²¹ Gögn Þorsteins Péturssonar (Göpp) í vörslu Þórs Whiteheads. Bréf Steinþórs Steinssonar til félaga í Reykjavík.

²² *Skutull*, 31. desember 1930.

²³ *Skutull*, 9. janúar 1931.

²⁴ Jóhann Gunnar Ólafsson: *Bæjarstjón Ísafjarðarkaupstaðar 100 ár*, bls 69-70.

að ná þessari samþykkt í gegn, þó litlu hefði munað árið 1926. Árið 1922 réð Alþýðuflokkurinn engu að síður til bæjarsjóðs sérstakan framkvæmdastjóra sem nefndur var bæjarráðsmaður og gegndi Guðmundur Pétursson því starfi fyrstu fjögur árin. Árið 1926 stóð til að ráða sem bæjarráðsmann Harald Guðmundsson, sem verið hafði bæjarfulltrúi frá 1920-1924, síðar alþingismaður og ráðherra, en hann var um svipað leyti beðinn að taka að sér ritstjórn *Alþýðublaðsins*.²⁵ Þá réðu Alþýðuflokksmenn í starfið Ingólf Jónsson lögfræðing, sem var bróðir Finns Jónssonar póstmeistara. Ingólfur var síðan bæjarráðsmaður til 1930 og frá þeim tíma til 1934 bæjarstjóri Ísfirðinga,²⁶ en þá hafði lögnum verið breytt þannig að bæjarstjórn var heimilt að ráða sérstakan bæjarstjóra.

Ingólfur var fæddur í Eyjafirði 1892 og lauk prentnámi á Akureyri og lærði jafnframt netagerð hjá föður sínum. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1925. Þegar *Alþýðublaðið* hóf göngu sína árið 1919 var hann ásamt öðrum í því að aðstoða Ólaf Friðriksson ritstjóra við útgáfuna. „Það var ágætt að vinna með Ólafi Friðrikssyni að öðru leyti en því, að hann var spretthlaupari. Hann skrifaði stundum tiltekna grein í blaðið dag eftir dag, en stakk svo ekki niður penna dögum saman. Þá féll það í minn hlut að koma blaðinu út.“²⁷ Þetta segir Ingólfur í viðtali við Harald Jóhannesson áratugum seinna.²⁸ Þegar deilur tóku að harðna innan Alþýðuflokks og Alþýðusambands var Ingólfur í þeim armi sem sagður var til vinstri, það er hliðhollur kommúnistum. Hann segist hafa verið málsvari þess arms á þingi sambandsins í Góðtemplarahúsinu 1922, þá í fjarveru Ólafs Friðrikssonar. Á þessu þingi reyndu menn að setja niður þann ágreining sem uppi var. Þeim málamiðlunum sem þar voru gerðar undi Ólafur Friðriksson illa þegar hann kom heim af Kominternþingi í Moskvu fáum vikum síðar. Um þetta segir Ingólfur

Þá kom í ljós andleg veila hans, í fyrsta skipti að mínu áliti. Hún birtist þannig, að hann hélt að við værum að leika á hann með því að gera hann að erindreka. Tilætlan okkar var hins vegar öll önnur. Við bjuggumst við, að hann sætti þessu færi til að afla sér meirihluta á næsta þingi Alþýðusambands og Alþýðuflokksins. Að því leyti brást

²⁵ Haraldur Jóhannsson: „Nyrðra, syðra og vestra“, bls. 93.

²⁶ Jóhann Gunnar Ólafsson: *Bæjarstjón Ísafjarðarkaupstaðar 100 ára*, bls. 70.

²⁷ Haraldur Jóhannsson: „Nyrðra, syðra og vestra“, bls. 84.

²⁸ Reyndar er það svo að þeim Henrik Ottóssyni og Ingólfi ber illa saman um þetta atriði því Henrik telur líka að hann hafi einn annast útgáfuna. Henrik segir að kaup þeirra hafi átt að vera 50 kr. á mánuði en Ingólfur að þeir hafi ekkert fengið greitt. Sjá Henrik Ottósson: *Frá Hlíðarhúsum til Bjarmalands og Haraldur Jóhannsson: „Nyrðra, syðra og vestra“*

hann okkur. Hann fór aldrei burtu úr bænum. Eftir þetta þekkti ég ekki Ólaf Friðriksson fyrir sama mann og áður. Hann var alltaf æstur, ef maður var á öðru máli en hann. Það kom aldrei fyrir áður en þetta gerðist.²⁹

Kona Ingólfs bæjarstjóra var Ingibjörg Steinsdóttir, sem áður er nefnd, og var hún Eyfirðingur eins og hann en flutti ung til Reykjavíkur og lauk prófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík og starfaði hjá Landsímanum. Ingibjörg tók mikinn þátt í leiklistarstarfsemi og um hana sextuga árið 1963 skrifaði Haraldur Björnsson leikari „Ingibjörg Steinsdóttir er ein af þessum fórnfúsu hugsjónarmanneskjum, sem ann þessari list og hefur alls staðar viljað leggja henni lið.“³⁰

Þau Ingólfur og Ingibjörg giftust í Reykjavík árið 1923 og bjuggu þar og á Akureyri til 1926. Á báðum stöðum tóku þau virkan þátt í starfi róttækra jafnaðarmanna. Þannig varð heimili þeirra fundarstaður stofnfundar Jafnaðarmannafélags Akureyrar 3. júlí 1924³¹ og 4. júlí 1930 var Kommúnistafélag Ísafjarðar stofnað á heimili þeirra þar í bæ.³² Árið 1922 eignaðist Ingólfur hlut í prentsmiðju Odds Björnssonar á Akureyri og tveimur árum síðar átti hann þátt í því sem prentari og prófarkalesari að rótækum jafnaðarmönnum tókst að gefa út á íslensku *Kommúnistaávarpið* eftir þá Marx og Engels rúmum 70 árum eftir að það kom fyrst út á frummálinu.³³ Eftir að þau settust að á Ísafirði 1926 tók Ingólfur að sér formennsku í Sjómannafélagi Ísafjarðar og var sem slíkur félagi á stofnþingi Kommúnistaflokks Íslands 26. - 29. nóv 1930.³⁴

Þau hjónin Ingólfur og Ingibjörg störfuð bæði í Íslandsdeild Alþjóðasamhjalpar verkalýðsins, þar sem Ingólfur var fyrsti formaðurinn þegar deildin var stofnuð 1930.³⁵ ASV var eitt af þeim hliðarfélögum sem kommúnistar stofnuðu á sínum uppgangsárum. Árið 1929 hlaut Ingibjörg styrk Alþingis til að nema leiklist erlendis og var í Max Reinhardt leiklistarskólanum í Berlín veturinn 1929-1930.³⁶ Þennan sama vetur dvaldist hún um tíma í Moskvu og heim komin hélt hún á annan í páskum fyrirlestur í Nýja bíói. Húsfyllir var og sýndi hún fjölda mynda frá Sovétríkjunum og að sögn blaðsins *Dagur*

²⁹ Haraldur Jóhannsson: „Nyrðra, syðra og vestra“, bls. 89-90.

³⁰ „Ingibjörg Steinsdóttir sextug“, *Vísir*, 26. júlí 1963.

³¹ Sólveig Kristín Einarsdóttir: *Hugsjónaeldur*, bls. 194.

³² *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerða bók KFÍ.

³³ Snorri G. Bergsson: *Róðinn í austri*, bls. 271.

³⁴ Þór Whitehead: *Kommúnistahreyfingin á Íslandi 1921-1934*, bls. 33.

³⁵ Hannes H. Gissurarson: *Íslenskir kommúnistar*, bls. 77.

³⁶ „Ingibjörg Steinsdóttir minningarorð“, *Þjóðviljinn*, 24. apríl 1965.

verkalýðsins sem Jafnaðarmannafélagið Sparta gaf út þótti áheyrendum gott að fá áreiðanlegri fréttir frá Sovétríkjunum en bornar eru á borð fyrir þá daglega í blöðum hér.³⁷ *Morgunblaðinu* þótti einnig tilefni til að greina frá fyrirlestrinum í Nýja bíói og það í háðskum tón því þar sagði að hún hefði sýnt skuggamyndir og þar á meðal eina af Lenín og þá hefði allur áhorfendafjöldinn klappað og að hún hefði einnig sagt að það hafi verið „voðalega afskaplega indælt í Rússlandi og voða gaman að koma þangað“³⁸

Tilstandið í kringum Alþingishátíðina 1930 var Kommúnistum ekki að skapi og mun það hafa verið í og með vegna þess, að fulltrúum Sovétríkjanna var ekki boðið til hátíðarhaldanna sem voru á Þingvöllum. Þetta sumar 1930 beittu þeir sér fyrir söfnun svo kaupa mætti dráttarvél fyrir Sovétríkin. Að þessu var gert gys og grínblaðið *Spegillinn* birti mynd af Ingibjörgu þar sem hún átti að vera að afhenda Stalín traktor.³⁹ Það var hins vegar fulltrúaráð verkalýðsfélaganna í Vestmannaeyjum sem hafði veg og vanda að söfnuninni og sá um að senda kr. 2.077,60 til skrifstofu Alþjóðasamhjálpur verkalýðsins í Berlín sem sá svo um að koma söfnunarfénu áfram.⁴⁰ Ingólfur og Ingibjörg fluttu frá Ísafirði 1934 eftir að meirihluti Alþýðuflokksins var fallinn enda ósennilegt að hann hefði haldið bæjarstjórarstarfinu eftir þær kosningar. Enda hafði þá margt gengið á sem síðar verður sagt frá.

1.3 Byltingamenn frá Moskvu

Af þeim sem störfuðu í kommúnistahreyfingunni á Ísafirði á því tímabili sem hér er fjallað um urðu a.m.k. fimm þeirra þess aðnjótandi að dvelja, nema og starfa í Moskvu um lengri eða skemmri tíma. Auk þess er vitað um að margir aðrir sem þar voru stóðu í bréfasambandi við ísfirski kommúnista.

Sá sem dvaldist lengst í Moskvu var Eggert Þorbjarnarson en hann var þar við nám í Lenínskólanum 1931-1933 undir dulnefninu Gunnar Björnsson⁴¹ og sem starfsmaður við Lenínskólann og í höfuðstöðvum Komintern 1934-1937. Enginn Íslendingur mun hafa starfað jafnlengi í höfuðstöðvum Komintern og hann, né komist til jafnmikillar virðingar

³⁷ *Dagur verkalýðsins*, 1. apríl 1930. Af blaðinu *Dagur verkalýðsins* sem Jafnaðarmannafélagið Sparta gaf út kom aðeins út eitt tölublað.

³⁸ *Morgunblaðið*, 23. apríl 1930.

³⁹ *Spegillinn*, 30. apríl 1930.

⁴⁰ „Íslenska alþýðan gefur stéttarbrærum sínum í Sovjet-Rússlandi dráttarvél“, *Verklýðsblaðið*, 9. maí 1931.

⁴¹ Þór Whitehead: *Sovét – Íslands. Óskalandið*, bls 434.

þar.⁴² Eggert var fæddur í Vatnsfirði við Ísfjarðardjúp 1911 en flutti ungur til Ísafjarðar. Hann var við nám í Menntaskólanum á Akureyri 1929-1930 þar sem hann gerðist þátttakandi í pólitísku starfi. Benjamín Eiríksson, sem var samtíða honum í Menntaskólanum, lýsir sínum fyrstu kynnum af honum þannig:

Eg tók ekki mikinn þátt í skólalífínu. Enn á Akureyri kynntist ég nýrri hugmynd, voldugri áhrifamikilli hugmynd. Snemma um veturinn sótti ég fund á Sal. Þar kvaddi sér hljóðs ungur piltur, fríður sínum, Eggert Þorbjarnarson frá Ísafirði. Hann flutti eldheita ræðu fyrir kommúnismann, skoraði á alla viðstadda að ganga til liðs við heimsbyltinguna. Hann stofnaði síðar leshring og fékk okkur Guðmund [Helgason, síðar prest á Norðfirði] til að sækja hann. Leiðbeinandinn var enginn annar en Einar Olgeirsson, sem þá var tuttugu og sex ára að aldri.⁴³

Í lok skólaárs, eftir að hafa m.a. skrifað róttæka grein í *1. maí blað Félags ungra jafnaðarmanna*, var Eggert kallaður fyrir skólameistara og honum tilkynnt að hann fengi ekki skólavist næsta vetur.⁴⁴ Um sumarið er hann síðan í síldinni á Siglufirði og er þar í „rauða herberginu“⁴⁵ með þeim Sverri Kristjánssyni, Eyjólfvi Árnasyn og Ásgeiri Blöndal Magnússyni.⁴⁶ Þeir fara á bát Síldareinkasölunnar frá Siglufirði til að taka þátt í verkfallsátökum í síldarveksmiðjunni í Krossanesi, fara síðan til Akureyrar og selja rauð merki til ágóða fyrir verkfallssjóð og halda tvo fundi með verkamönnum í Glerárþorpi. Þannig er Eggert tvítugur að aldri orðinn liðtækur baráttumaður og líklegur til forystu.

Árið áður en Eggert Þorbjarnarson hélt til náms í Moskvu var annar Ísfirðingur komin þar til náms en það var Eyjólfur Árnason, sem var við nám í Vesturháskólanum á árunum 1930-1932.⁴⁷ Hann var fæddur á Ísafirði árið 1910 og fóstraður frá 5 ára aldri hjá frænda sínum Eyjólfvi Bjarnasyni bókbindara. Ekki var kostur á frekara námi eftir að unglingskóla lauk á Ísafirði. Árið 1930 er hann í síld á Siglufirði og býr í „rauða herberginu“ og fer það haust til Moskvu. Í minningargrein um Eyjólf, en hann lést árið 1987, segir Kjartan Ólafsson ritstjóri að hann hafi verið flestum mönnum raunsærri:

⁴² Þór Whitehead: *Sovét – Íslands. Óskalandið*, bls 131-132.

⁴³ Hannes H. Gissurarson: *Benjamín H.J. Eiríksson í stormum sinna tíða*, bls. 76.

⁴⁴ Hannes H. Gissurarson: *Benjamín H.J. Eiríksson í stormum sinna tíða*, bls. 78.

⁴⁵ „Rauða herbergið“ er nafn sem þeir félagarnir gáfu herberginu sem þeir dvöldu í á Siglufirði.

⁴⁶ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/417. Bréf Sverris Kristjánssonar til Halldórs Ólafssonar.

⁴⁷ Þór Whitehead: *Sovét – Ísland. Óskalandið*, bls 435.

Hann batt ungur maður miklar vonir við framtíðarþróun sameignarskipulagsins í Ráðstjórnarríkjunum en allar skýjaborgir voru honum lítt að skapi. Í vonum sínum var hann jarðbundnari en margir félgar hans frá þessum árum. Það sagði Eyjólfur mér, að árið 1932 hefði hann merkt greinilega breytingu til hins verra þar í Ráðstjórnarríkjunum. Tilskipanir um nýjar og nýjar hömlur á frelsi manna til orðs og æðis settu svip á þróunina... Tortryggni varð æ meira áberandi í nær öllum mannlegum samskiptum. Stalín var að byggja upp undirstöður lögregluríkisins.⁴⁸

Þrátt fyrir þetta hélt Eyjólfur tryggð við hreyfinguna þau 45 ár sem hann átti eftir ólifufð. Moskvudvölin varð styttri en gert var ráð fyrir, því að sumarið 1932 er ákveðið að stytta námið úr fjórum árum niður í tvö ár.⁴⁹ Sumarið eftir að hann kemur heim frá Moskvu er hann aftur kominn til Siglufjarðar í síldina. Í ágúst 1933 fer hann ásamt hópi manna að húsi þýska konsúlsins á Siglufirði að skera niður, rífa í sundur og traðka á hakakrossfána þýskra nasista. Fimm menn eru dæmdir í fangelsi fyrir verknaðinn og er hann einn þeirra. Dómunum var aldrei fullnægt. Í tímaritinu *Rétti* árið 1973 rifjar Eyjólfur atburðinn upp og iðrast þess ekki að hafa tekið þátt í þessari aðgerð.⁵⁰

Haustið 1931 hélt Gísli Indriðason í austurveg. Hann hafði verið tollvörður á Ísafirði í skamma hríð þegar hann fékk símskeyti þann 27. september 1930 og var sagt upp störfum án fyrirvara. Dómsmálaráðherrann Jónas Jónsson frá Hriflu var það haustið að fækka kommúnistum í störfum hjá ríkinu.⁵¹

Ekki gekk vel að fá uppgefnar ástæður fyrir brottrekstrinum og Gísli safnaði saman vottorðum mætra manna um ágæti sitt og birti í opnu bréfi til dómsmálaráðherra í *Verklýðsblaðinu*.⁵² Í upphafi bréfsins víkur hann að sögusögnum um andlegt heilbrigði ráðherrans og segist treysta því að þær séu uppspuni. Síðan segist hann hafa ætlað sér að bíða með að gera mál þetta að blaðamáli þar til hann hefði fengið upplýsingar um ástæður brottrekstrarins, en þar sem þetta mál hafi verið gert að umræðuefni í *Tímanum* sjái hann sér ekki fært að bíða með það.⁵³ Þar sem vinnautn var sögð megin ástæða brottrekstrarins aflaði Gísli sér yfirlýsinga frá sjö aðilum sem allir báru að hann hefði verið reglusamur og

⁴⁸ „Í minningu Eyjólfis Árnasonar gullsmiðs“, *Þjóðviljinn*, 2. apríl 1987.

⁴⁹ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1886/417. Bréf Eyjólfis Árnasonar til Halldórs Ólafssonar.

⁵⁰ „Í höggi við hakakrossinn haustið 1933“ *Réttur* 4.hefti 1973.

⁵¹ Guðjón Friðriksson: *Dómsmálaráðherrann*, bls. 197.

⁵² „Opíð bréf til dómsmálaráðh. Jónasar Jónssonar“ *Verklýðsblaðið*, 1. nóvember 1930.

⁵³ „Opíð bréf til dómsmálaráðh. Jónasar Jónssonar“ *Verklýðsblaðið*, 1. nóvember 1930.

farsæll í embætti. Þeir sem staðfestu þetta voru bæjarstjóri, bæjarfógeti, héraðslæknir, tveir lögregluþjónar ásamt gjaldkerum bæjarstofnana og Grímur Kristgeirsson sem leigt hafði Gísli húsnæði frá því hann kom til Ísafjarðar. Í síðari hluta greinar sinnar segist Gísli Indriðason hafa komist í samband við byltingarsinna víðsvegar í Evrópu og þannig skapað sér traustan pólitískan grundvöll. Hann segir það sína skoðun að á sama hátt og Framsóknarmenn blekki bændur, blekki sósíaldemókratar verkalyðinn í þéttbýlinu og því haldi þessir flokkar svo vel saman.

Dvöl Gísli í Moskvu mun hafa verið endasleppt og fór hann heim vorið 1932. Honum mun hafa líkað dvölin fremur illa, meðal annars vegna þess að hann mátti hvorki taka í nefið né staupa sig.⁵⁴ Gísli mun lítt hafa dvalist á Ísafirði eftir að hann kom frá Moskvu. Í mars 1934 birtist svo tilkynning í *Verklýðsblaðinu* um að Gísli hafi verið vikið úr Kommúnistadeildinni á Siglufirði og að framkvæmdanefndin hafi staðfest brottreksturinn. Sakarefnin eru sögð fjandsamleg afstaða gagnvart flokknunum í baráttunni móti hinni svokölluðu tækifærisstefnu.⁵⁵

Systkinin Ingibjörg Steinsdóttir og Steinþór Steinsson⁵⁶ komust bæði til Moskvu og höfðu til þess hvort sína aðferðina. Eins og áður er getið fékk Ingibjörg styrk frá Alþingi til að kynna sér leikhústarfsemi erlendis og dvaldi í Berlín vetrarmánuðina 1929 -30 og fór þá undir vorið í nokkura vikna ferð til Ráðstjórnarríkjanna og varð hugfangin af því sem þar bar fyrir augu og eyru.

Bróðir hennar Steinþór Steinsson hafði annan hátt á að komast í austurveg. Hann notfærði sér og það sem meira er misnotaði áskrifendasöfnun *Verklýðsblaðsins* til að komast þangað. Þannig var að *Verklýðsblaðið* hafði uppi samkeppni um það hver gæti útvegað flesta nýja áskrifendur og hét að launum ferð til Ráðstjórnarríkjanna fyrir þann sem flesta áskrifendur fengi. Steinþór var ákveðinn í að ná í þessi verðlaun og í bréfi til félaga síns í Reykjavík dagsett 14. des. 1930 lýsir hann því hvernig hann hafi fengið 94 áskrifendur og ætli að ná 150 fyrir 1. febrúar. Hann getur ekki sent listann með nöfnunum, er búinn að eyða sjálfur hluta af þeim áskriftargjöldum sem hann hefur innheimt og býst

⁵⁴ Hannes H. Gissurarson: *Íslenskir kommúnistar 1918-1988*, bls. 61.

⁵⁵ *Verklýðsblaðið*, 12. mars 1934.

⁵⁶ Pétur Pétursson þulur gerir því skóna í grein í *Morgunblaðinu* árið 2003 að Steinþór sé fyrirmynd Halldórs Laxness að alnafna sínum sjómanninum í bókinni *Salka Valka*.

við að 10-20 verði búnir að segja upp áskriftinni fyrir áramót.⁵⁷ Um svipað leyti skrifar félagi á Ísafirði bréf til Eggerts Þorbjarnarsonar um starfið í Félagi ungra kommúnista og segir síðan „Eitt er það Eggert sem jeg skal segja þér, að Steinþór drekkur afar mikið áfengi, og það spillir mikið fyrir félaginu, eins og Steinþór er ágætur félagi án víns, en þetta fer ekki lengra en til þín Eggert.“⁵⁸ Á fundi í kommúnistaklúbbum í október 1930 má Steinþór svo þola áminningu félaga sinna fyrir að hafa móðgað stúlku í Hnífsdal á balli þar.⁵⁹ En þrátt fyrir meinta áfengisdrykkju og vafasamar aðferðir við áskriftasöfnun kemst Steinþór til Rússlands. Hann fær að fylgja með þegar 10 manna hópur frá Verkalýðssambandi Norðurlands fer til Moskvu haustið 1931.⁶⁰ Hann dvelur í hálfu ári í Rússlandi og heim kominn heldur hann fyrirlestur í Varðarhúsinu í Reykjavík í júlí 1932.⁶¹

1.4 Skraddarafjölskyldan

Hjónin Jón Jónsson klæðskeri og Karlinna G. Jóhannesdóttir bjuggu áratugum saman í húsinu númer 29 við Fjarðarstræti á Ísafirði. Jón var ættaður frá Höfða í Dýrafirði fæddur 1890 og Karlinna í Bolungarvík 1896. Jón flutti ungur til Ísafjarðar og lærði klæðskeraíðn. Hann dvaldi á Englandi öll stríðsárin fyrri, en þar varð hann innlyksa. Starfaði hann að iðn sinni í London en notaði jafnframt hvert tækifæri til að mennta sig. Sótti hann kvöldskóla og nam biblíufræði og einnig lagði hann stund á fiðlunám.⁶²

Fjölskyldan tók öll virkan þátt í starfi kommúnista og heimili þeirra að Fjarðarstræti 29 var einn helsti fundarstaður ísfriskra kommúnista. Jón skraddari eins og hann var oftast nefndur mun aldrei hafa gengið í flokkinn og mun hafa borið fyrir sig efnishyggjuákvæði⁶³ í stefnuskrá hans.⁶⁴ Jón var hvers manns hugljúfi, góð eftirherma og garðyrkjumaður, enda ber bæjargarðurinn á Ísafirði nafn hans og heitir Jónsgarður. Karlinna var á framboðslista kommúnista við bæjarstjórnarkosningarnar 1934 og tók þátt í fundum sem kvennanefnd

⁵⁷ Gögn Þorsteins Péturssonar (GPP) í vörslu Þórs Whiteheads. Bréf Steinþórs Steinssonar til félaga í Reykjavík.

⁵⁸ Gögn Þorsteins Péturssonar (GPP) í vörslu Þórs Whiteheads. Bréf Ingimundar Steinssonar til Eggerts Þorbjarnarsonar.

⁵⁹ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók KFÍ.

⁶⁰ „Sendiför verkamanna til Sovétríkjanna“, *Réttur* 17 árg 1932, bls 79-80.

⁶¹ *Alþýðublaðið*, 5. júlí 1932.

⁶² Þorsteinn Matthíasson: „Vökumaður Jón Jónsson klæðskeri“, bls.19-25.

⁶³ Efnishyggja er sú heimspekikening, að efnið sé undirstaða og upphaf alls og sál eða vitund hafi þróast af því.

⁶⁴ „Minning:Karlinna G. Jóhannesdóttir og Jón Jónsson, klæðskeri“, *Þjóðviljinn*, 6. október 1979.

kommúnista hélt.⁶⁵ Börn klæðskerahjónanna voru jafnframt virkir þátttakendur í ungmennastarfinu enda fundirnir haldnir á heimilinu.

Áratugum síðar ræðir dóttirin Kristín æskudaga sína í blaðaviðtali. Þar koma fram beiskar minningar yfir þeirri miklu hörku sem einkenndi stjórnmalastarf á Ísafirði á þessum krepputímum. Hún er ekki sátt við framkomu Alþýðuflokksmanna í garð föður síns og þeirra sem voru sviptir atvinnu sinni með brottrekstri úr Verkalýðsfélaginu Baldri.⁶⁶

1.5 Aðrir liðsmenn

Af öðru félögum í kommúnistahreyfingunni verða hér taldir upp þeir sem mest störfuðu sumarið og haustið 1930, auk þeirra sem áður hefur verið gerð grein fyrir. Á þessu stofnári Kommúnistaflokks Íslands var ákveðin bjartsýni og baráttuandi ríkjandi. Þær fréttir sem bárust utan úr heimi þóttu benda til þess að hið fullkomna þjóðskipulag hefði verið fundið upp í Sovétríkjunum. Þangað var fyrirmyndina að sækja. Það var mörgum þessum félögum sameiginlegt að hafa flutt með foreldrum sínum úr sveit, eftir að gefist hafði verið upp á búskapnum og þá flutt á mölina í von um betra lífsviðurværi. Það var þó ekki svo með þá alla.

Þuríður Finnsdóttir sem gekk í Kommúnistafélag Ísafjarðar, ein nýrra félaga, strax á fyrsta fundi eftir stofnfundinn⁶⁷ var dóttir Finns Jónssonar póstmeistara og helsta forystumanns Alþýðuflokksins. Hún tók virkan þátt í starfseminni næstu mánuði og félagarnir báru traust til hennar og gerðu hana að flokksstjóra⁶⁸ þó að hún væri aðeins 15 ára gömul. En hún starfaði ekki lengi því að í desember segir Steinþór Steinsson í bréfi „Jeg náði í Þuru í gjær og spurði hvort ég mætti ekki eiðileggja úrsögnina því það vissi enginn um hana nema jeg, en hún sagði að hún væri ekki kommúnisti og vildi ekki vera í félaginu lengur. Jeg sagði henni að hún væri að ljúga að sjálfri sjer og að hún væri það víst, og talaði við hana af öllum þeim krafti og sannfæringu sem jeg átti til, en árangurslaust.“⁶⁹

Fyrsti formaður Kommúnistafélags Ísafjarðar og einnig ritari FUK var Ragnar G. Guðjónsson. Hann var eins og margir aðrir félaganna fæddur í Strandasýslu og flutti um 10

⁶⁵ *Skjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabækur kvennanefndar KFÍ

⁶⁶ „Já, pólitíkin á Ísafirði var oft afar beisk“, *Morgunblaðið*, 28. mars 1999.

⁶⁷ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðarbók KFÍ.

⁶⁸ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðarbók KFÍ.

⁶⁹ Gögn Þorsteins Péturssonar (Göpp) í vörslu Þórs Whiteheads. Bréf Steinþórs Steinssonar til félaga í Reykjavík.

ára gamall til Ísafjarðar. Hann stundaði nám í Gagnfræðaskólanum á Akureyri 1926 - 1928.⁷⁰ Ragnar er mjög áhugasamur fyrstu fjögur árin og tekur virkan þátt meðal annars í sellustarfsemi og á fundum í verkalýðsfélaginu Baldri. Þannig skýrir hann frá því í bréfi til félags síns í febrúar árið 1931 að hann hafi fengið jafnmörg atkvæði og Ingólfur Jónsson í stjórnarkjöri í Baldri eða 69, þó svo að það hafi ekki verið nægilegt atkvæðamagn, enda hafi kratarnir reynt að útiloka þá með öllu hugsanlegu móti.⁷¹ Í apríl 1934, fáum mánuðum eftir að kommúnistar fengu mann kjörinn í bæjarsjórn Ísafjarðar er Ragnar svo rekinn úr Kommúnistaflokknum.⁷² Eftir þetta starfar Ragnar svo í Alþýðuflokknum og er kosinn í stjórn Baldurs og árið 1938 er hann framkvæmdastjóri Alþýðuhússins.

Sverrir Guðmundsson sem ötull tekur þátt í starfsemi kommúnista á fyrstu árunum er fæddur á Ísafirði árið 1909. Hann er ritari FUJ á Ísafirði og tekur þátt í sögulegum fundi SUJ á Siglufirði í september 1930, þar sem til uppgjörs kom á milli kommúnista og krata. Hann fylgir flokki kommúnista næstu árin og árið 1931 er hann með framsögu á fundi FUK um íþróttamál þar sem Áki Jakobsson er staddur og þar fá þeir samþykkt eftirfarandi tillögu „Íþróttanefnd FUK sé falið að fara á fund stjórnar FUJ og fá útnefnda þriggja manna nefnd er annist um undirbúning íþróttamálsins fyrir næsta Baldursfund. Er nefndinni falið að vera mjög væg í kröfum sínum til kratanna og varast að málið verði stimplað sem kommúnistískt.“⁷³ Þarna eins og oftast kemur vel fram hvernig starfað var. Íþróttastarf var hægt að nota í pólitískum tilgangi ef rétt var að málum staðið. En Sverrir starfar ekki lengi flokknum því árið 1934 er hann genginn úr liði Kommúnista og á aðalfundi í Baldri, sem haldinn er í janúar það ár er hann kosinn í stjórn Baldurs. Síðar á þessum sama fundi voru svo fjórir fyrrum samherjar hans reknir úr félaginu.⁷⁴

Hjónin Karitas Skarphéðinsdóttir og Magnús Guðmundsson voru virkir félagar í kommúnistahreyfingunni. Sérstaklega þótti Karitas mikil baráttukona og hafa varðveist um hana frásagnir sem lýsa henni sem konu sem var óhrædd við að flytja ræður og gagnrýna m.a. aðbúnað á vinnustöðum og kjör verkafólks.⁷⁵ Karitas var rekin úr verkalýðsfélaginu

⁷⁰ *Alþýðublaðið*, 5. febrúar 1983.

⁷¹ Gögn Þorsteins Péturssonar (Göpp) í vörslu Þórs Whiteheads. Bréf Ragnars Guðjónssonar til félaga í Reykjavík.

⁷² *Skutull*, 1. maí 1934.

⁷³ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók KFÍ.

⁷⁴ *Verkalýðsfélag Vestfjarða*. Fundargerðabók Baldurs 1934.

⁷⁵ Karitas Skarphéðinsdóttir Neff: „Karitas Skarphéðinsdóttir frá Æðey í Ísafjarðardjúpi“ Ársrit Sögufélags Ísafirðinga 2010.

Baldri 1934 ásamt þremur öðrum félögum. Karitas og Magnús skildu árið 1936 og tveimur árum síðar flutti Karitas til Reykjavíkur.⁷⁶

Hjónin Ríkey Eiríksdóttir og Sæmundur Guðmundsson voru þátttakendur í starfseminni til ársins 1933, að þau máttu þola nauðungarflutning í heimasveit sína í Árneshreppi á Ströndum.⁷⁷ Fluttu þau síðar þaðan til Siglufjarðar og tóku þátt í flokksstarfsemi kommúnista þar. Bræðurnir Sigurður Hannesson bifreiðastjóri og Helgi Hannesson kennari og síðar forseti ASÍ tóku þátt í starfseminni árið 1930 og eitthvað eftir það. Svo er að sjá að Helgi hafi fremur snemma orðið kommúnismanum afhuga og gengið í Alþýðuflokkinn en Sigurður hætt öllum afskiptum af pólitískum félögum. Guðmundur Bjarnason var á sameiginlegum lista Alþýðuflokks og Kommúnista 1938 og varabæjarfulltrúi í fjögur ár.⁷⁸ Hann flutti til Reykjavíkur á fimmta áratugnum.

Þeir félagar sem ekki hafa verið nefndir hér að framan og störfuðu með í hreyfingunnu voru flestir ungir karlmenn sem sumir fóru til náms eða starfa annars staðar og fluttu því burt. Aðrir kunna að hafi misst áhugann eða orðið fyrir áhrifum sem gerðu þá fráhverfa frekar starfi í þessari róttæku hreyfingu.

Einnig má velja því fyrir sér hvort góður jarðvegur hafi verið til staðar fyrir starfsemina. Þau fyrirtæki sem störfuðu á Ísafirði á þessum tíma voru hvorki stór né öflug og reyndar var það svo að illa gekk í útgerð og fiskvinnslu sem var aðalatvinnuvegurinn. Það má næstum segja að auðvaldið hafi alls ekki verið til staðar á svæðinu.

⁷⁶ Karitas Skarphéðinsdóttir Neff: „Karitas Skarphéðinsdóttir frá Æðey í Ísafjarðardjúpi“ Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 2010.

⁷⁷ „Af Ríkey og Sæmundi“, *Morgunblaðið*, 22. ágúst 1989.

⁷⁸ Jóhann Gunnar Ólafsson: *Bæjarstjón Ísafjarðarkaupstaðar 100 ár*, bls. 124.

2 STARF Í FÉLÖGUM OG SELLUM

Sérhver flokkur sem sækir um innngöngu í Komintern verður að reka alla endurbóta- og endurskoðunarsinna og miðjumenn úr sínum röðum. Enginn slíkur má starfa fyrir flokkinn.⁷⁹

Kommúnistar hófu félagsstarf sitt á Ísafirði fyrrihluta árs 1930. Fyrst með þátttöku og yfirtöku á FUJ á Ísafirði og um sumarið með stofnun Kommúnistafélags sem þeir reyndar í upphafi nefndu kommúnistaklúbb. Skömmu síðar voru svo stofnaðar sellur og önnur félagsstarfsemi hafin. Félagstarfsemin fór fram eftir þeim leiðbeiningum sem þeim bárust frá Reykjavík og þangað frá Moskvu enda kemur allsstaðar vel fram að um er að ræða alþjóðlega hreyfingu og ekki er að sjá neinn ágreining um það að fyrirmælum Komintern skuli fylgt eftir. Það sem hér er rakið um þessa félagsstarfsemi byggir mestan part á þeim fundargerðabókum sem Halldór Ólafsson varðveitti þannig að um það getur verið að ræða að ekki séu allar bækur tiltækar. Fundargerðarbækurnar eru flestar skrifaðar í tvíriti og rifgöt á efra blaðinu og er svo að sjá að lagt hafi verið upp með að senda frumrit fundargerða til Reykjavíkur. Ekki var það þó alltaf gert því að í mörgum tilvikum eru bæði frumrit og afrit í bókunum. Í einni bókinni er nafn Brynjólfs Bjarnasonar á innri kápu og pósthólf hans í Reykjavík, þannig að líklegt má telja að hann hafi verið móttakandi fundargerðanna. Hann er einnig ásamt Áka Jakobssyni oft móttakandi bréfa sem ísfirskir kommúnistar skrifa til að upplýsa um gang mála og leita ráða.

Þegar leið að stofnun Kommúnistaflokks Ísafjarðar árið 1930 höfðu þeir von um að forystumenn Alþýðuflokksins, eins og Finnur Jónsson og Vilmundur Jónsson, sem þeir töldu standa nálægt vinstri armi Alþýðuflokksins í Reykjavík mundu ganga til liðs við þá.⁸⁰ Það gekk ekki eftir.

⁷⁹ Snorri G. Bergsson: *Röðinn í austri*, bls.77. Úr inntökuskilyrðum í Komintern sem Lenín lagði fram og fékk samþykkt. Skilyrðin ganga undir ýmsum nöfnum á íslensku eins og Moskvuskilyrði, Moskvutesur eða Moskvugreinar.

⁸⁰ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1886/417. Skýrsla til miðstjórnar Kommúnistaflokks Íslands frá Ísafjarðardeild KFÍ.

2.1 Kommúnistafélag (klúbbur) Ísafjarðar

Viku eftir að Íslendingar höfðu fagnað þúsund ára afmæli Alþingis á Þingvöllum árið 1930 kom hópur kommúnista saman á heimili bæjarstjóra hjónanna á Ísafirði til að stofna kommúnistaklúbb. Þennan dag var staddur á Ísafirði Jón Rafnsson frá Vestmanneyjum og var hann fenginn til að vera fundarstjóri. Í upphafi fundar samþykktu fundarmenn „að stofna kommúnistiska fræðsludeild sem starfaði eftir skipulagningu kommúnistamiðstjórnarinnar á Íslandi.“⁸¹

Þegar þetta hafði verið samþykkt var kosin stjórn sem í voru Ragnar G. Guðjónsson formaður, Guðmundur Bjarnason ritari og Sigurður Hannesson gjaldkeri. Til vara var kosinn Sæmundur Guðmundsson og Halldór Ólafsson var kosinn endurkoðandi. Á fundinum var lesið upp bréf frá miðstjórn kommúnista á Íslandi sem fjallaði um byrjenda- og undirbúningsatriði og lýstu fundarmenn áhuga á að starfa eftir því sem þar kom fram. Í lok fundarins var stjórninni falið að sjá um framsögu í fagsambandsmálinu⁸² á næsta FUJ fundi.⁸³ Strax þarna og enn betur í fundargerðum næstu 14 funda sem haldnir voru 12. ágúst og næstu tvo mánuði þar á eftir er ljóst að klúbburinn telur sig fara með yfirstjórn allra mála er varða kommúníska starfsemi á Ísafirði í umboði miðstjórnarinnar í Reykjavík. Á fundum sem haldnir voru 12. og 13. ágúst kemur vel í ljós hver baráttumálin á næstunni áttu að vera. Sellustarfsemi skyldi hafin af þeim krafti sem mögulegt væri á Ísafirði. Fundarmenn töldu að sellustarfsemi gæti þá þegar hafist í Neðstakaupstað og bæjarvinnu. Útbreiðsla blaða kommúnista átti að vera forgangsmál og nefnd var kosin til að sjá um dreifingu flokksblaða og innheimtu áskriftargjalda. Síðast en ekki síst var það undirbúingur undir þing FUJ á Siglufirði sem átti að halda 12.-15. september. Þar er tekið fram að senda þurfi „góða“ og „klára“ fulltrúa á þingið. Einnig kom upp sú hugmynd að stofna bæri félög í Súðavík og Hnífsdal til að tryggja fleiri félaga með atkvæðisrétt á SUJ þingið.

Á fundi sem haldinn var 15. ágúst kom fram að stjórn FUJ á Ísafirði væri sammála klúbbnum um stofnun nýrra FUJ félaga í Hnífsdal og Súðavík og á þeim sama fundi var ákveðið að fundarstjóri á fundinum í Hnífsdal yrði Ragnar Guðjónsson og á fundinum í Súðavík yrði Eggert Þorbjarnarson fundarstjóri, en hann var þá nýlega kominn til Ísafjarðar

⁸¹ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók KFÍ.

⁸² Fagsambandsmálið var ágreiningsmál um tengsl verkalyðsfélaga við stjórnmalaflokka.

⁸³ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók KFÍ.

frá Siglufirði þar sem hann hafði dvalið í „rauða herberginu.“⁸⁴ Á fundinum kom til ágreinings milli Ragnars og Eggerts um hverjir skyldu vera fulltrúar Súðvíkinga og Hnífsdælinga. „Félagi Eggert Þorbjarnarson talaði um hvort nokkrir klárir fulltrúar væru til á þessum stöðum á væntanlegt SUJ þing og benti hann á þá leið að láta féлага á Siglufirði ganga úr FUJ á Siglufirði og ganga inn í félögin á þessum stöðum til að fara á þingið. Félagi Ragnar Guðjónsson [taldi] að FUJ félagar á Ísafirði gætu tekið þetta sem vantraustsyfirlýsingu á sig og lagði hann til að heldur yrði reynt að fá féлага frá Ísafirði til að ganga inn í þessi félög og var það samþykkt.“⁸⁵ Á fundi sem haldinn var 30. ágúst sagði Steinþór Steinsson frá ferðinni í Súðavík þar sem FUJ félag hefði verið stofnað með 8 félögum. Hann taldi að „félagsstofnunin þar hefði mistekist, aðallega fyrir framkomu Hannibals Valdimarssonar sem talaði á fundinum og kom hann fram sem ákveðinn stéttarsamvinnumaður. Félagi Eggert Þorbjarnarson talaði í málinu. Áleit hann að H.V. gæti orðið hættulegur hreyfingunni ef hann fengi að vera sjálfráður þar innfrá.“⁸⁶

Á þessum sama fundi var rætt um flokkaskiptingu í FUJ og er þar lagt til að 10 félagar sem þar eru tilgreindir verði flokksstjórar án þess að skilgreint sé nánar hvaða hlutverk þeir hefðu með höndum. Einnig er upplýst að formaður, varaformaður og gjaldkeri ungu mannanna séu á leið úr bænum. Klúbburinn gerir umsvifalaust tillögu um skipan stjórnar fyrir félagið. Eggert Þorbjarnarson hóf á fundinum umræðu um húsnæðismál verkalýðsins á Ísafirði og taldi að þar ríkti mikið ófremdarástand. Félagi Ingólfur bæjarstjóri tók undir þessi sjónarmið en sagði að ekkert fé fengist til að ráðast í framkvæmdir, hins vegar taldi hann hús bæjarins að Hlíðarhúsum og Vallarborg vel notandi til íbúðar ef fólk gengi vel um þau.⁸⁷

Annars er það áberandi í fundargerðum þessara haustmánaða 1930 þegar mest gróska var í starfi ísfirskra kommúnista að þeir eiga erfitt með að finna sér önnur baráttumál en þau sem þeir eiga von á að komi sér illa fyrir Alþýðuflokkinn. Þannig er sá undirbúningur sem á sér stað fyrir fundi í Jafnaðarmannafélaginu og í Verkalýðsfélaginu Baldri sem þeir sækja, einatt sá, að undirbúa tillögur sem þeir vita að kratar eiga erfitt með

⁸⁴ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/417. Bréf Sverris Kristjánssonar til Halldórs Ólafssonar.

⁸⁵ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók KFÍ.

⁸⁶ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók KFÍ.

⁸⁷ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók KFÍ.

að samþykkja. Þeir nota sérhvert tækifæri til að koma af stað ágreiningi, jafnvel þó svo að það geti komið sér illa fyrir bæjarstjórnann Ingólf Jónsson.

Við ýmis tilefni eru skipaðar nefndir og er svo að sjá Halldór Ólafsson sé oftast einn nefndarmanna. Þannig er í október 1930 skipuð þriggja manna nefnd til að útvega „adressur“ kommúnista í öðrum landsfjórðungum sem hægt sé að hefja bréfaskriftir við, en ekki er greint nánar frá tilgangi þessara bréfaskrifta.⁸⁸ Á fundi þrem vikum síðar skýrir Halldór svo frá því „að hann hafi grafið upp nokkrar adressur félaga, út um allt land, lagði hann þar fram lista yfir nokkra félaga og skýrði frá því að félagarnir gætu skrifað þeim ef þeir vildu.“ Á þessum sama fundi þann 15. nóvember 1930 voru þeir Halldór og Ingólfur svo kosnir sem aðalfulltrúar á stofnþing Kommúnistaflokks Íslands og þá var einnig rætt um að stofna sósíalískan kvöldskóla og lesið upp bréf því viðvirkjandi. En áttundi og síðasti liður fundargerðarinnar þann dag skýrir ekki hvað átti sér stað á byltingarafmælinu en þar segir svo. „Halldór skýrði frá því að félagarnir hefðu ólmast mjög mikið 7. nóv. og ákváðu að taka þá í hnakkann hið bráðasta.“⁸⁹ Fyrri hluta næstu fundargerðar vantar og hafa bæði eintök blaðsíðu 37 og 38 verið fjarlægð úr bókinni en af síðasta liðnum í fundargerðinni á blaðsíðu 39 má sjá að á þann fund var mættur Einar Olgeirsson og hefur sá fundur farið fram síðari hluta nóvembermánaðar. Á þessum fundum síðari hluta árs 1930 er oftast, þegar getið er um fundarstað, um að ræða heimili einhvers félaganna. Jafnframt er oft rætt um nauðsyn þess að finna varanlegan fundarstað en það virðist ekki takast vegna þess kosnaðar sem það hefur í för með sér.

2.2 Félag ungra jafnaðarmanna

Árið 1930 er mikið átakaár hjá Sambandi ungra jafnaðarmanna sem stofnað hafði verið 4. maí 1929.⁹⁰ Átökin náðu hámarki á þingi sambandsins á Siglufirði í september. Þar tókst kommúnistum að ná undirtökum og slíta þannig ungliðadeild jafnaðarmanna frá móðurflokknum. Þetta var vasklega gert enda hafði undirbúningurinn staðið mánuðum saman. Atburðurinn staðfesti þá gjá sem myndast hafði í hreyfingu jafnaðarmanna.

Í þeim gögnum sem Halldór Ólafsson skildi eftir sig er aðeins að finna eina bók sem tilheyrir starfi Félagi ungra kommúnista. Það er bók með lögum félagsins og nöfnum

⁸⁸ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók KFÍ.

⁸⁹ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók KFÍ.

⁹⁰ Þór Whitehead: *Kommúnistahreyfingin á Íslandi 1921-1934*, bls. 30-31.

stofnfélaga skrifuðum eigin hendi og kemur þar fram að félagið er stofnað 25. maí 1930. Í fyrstu grein laga er sagt að nafn félagsins sé Félag ungra jafnaðarmanna og að heimili þess sé á Ísafirði. Síðan hefur verið strikað yfir orðið jafnaðarmenn og skrifað kommúnista og það sama gert á titilsíðu bókarinnar. Önnur grein laganna segir að tilgangur félagsins sé að skapa samtök ungra manna og kvenna til að vinna að framkvæmd jafnaðarstefnunnar, á þeim grundvelli sem þeir Karl Marx og Friedrich Engels lögðu og að gera félagana að dugandi starfsmönnum í baráttunni fyrir þessari framkvæmd.

Í bókinni hafa síðan skrifað nöfn sín og aldur 115 manns, yngstu félagarnir eru 12 ára og þeir elstu 28 ára. Það sem vekur svo sérstaka athygli er að strikað hefur verið yfir nöfn 90 félaga svo aðeins 25 verða eftir í félaginu. Af þessum 90 sem strikaðir eru út er yfirleitt skrifað „úrsögn“ við nafnið, þó er í tveimur tilvikum skrifað „farinn/farin“ og við eitt nafn stendur „rekinn vegna skuldar“.⁹¹

Þó ekki sé til staðar fundargerðabók FUK kemur fram í öðrum bókum að starf FUK hefur ekki verið þróttmikið. Þannig fjallaði Ísafjarðardeild KFÍ á fundi sínum 12. mars 1933 um ungmennastarfið og segir að það hafi lítið sem ekkert skánað þó flokkurinn léti tvo félaga algerlega starfa í FUK. Nú sé svo komið að miðstjórn flokksins hafi sent bréf um að félagi Eyjólfur Árnason væri gerður ábyrgur fyrir FUK. Á fundinum benti félagi Halldór á að FUK biði nú mikið hlutverk í sambandi við taxtabrot hjá unglíngunum hjá Samvinnufélaginu. Þarf að leggja afarmikla áherslu á að gera allt sem mögulegt er til þess að lífga FUK við. Deildarstjórnin samþykkir svo tillögu miðstjórnar um að félagi Eyjólfur Árnason sé ábyrgur fyrir FUK og honum gefið leyfi til að krefjast aðstoðar stjórnarmanna þegar þörf er.⁹² Ekki er að sjá að líf hafi færst í starfseminu og ungum félögum fjölgaði ekki. Reyndar er það svo að fá ný nöfn sjást í félagsstarfinu eftir árið 1933.

2.3 Sellur

Nú fyrir stuttu var sofnuð hér „gruppa“ af mönnum víðsvegar af landinu, sem telja sig til kommúnista. Við höfum haldið nokkra fundi. Á einum þeirra var samþykkt að félagar innan „gruppunnar“ skyldi hafa bréfaskipti við féлага út um allt land. Það féll

⁹¹ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Bók með lögum og félagatali FUK.

⁹² *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók stjórnar KFÍ.

í minn hlut að senda þér línu, en ekki veit ég hve mikið gagn þú hefur af því, því bæði er getan og viljinn lítill.⁹³

Á uppvaxtarskeiði kommúnista á árunum eftir 1920 voru ekki uppi efasemdir um forystuhlutverk Sovétríkjanna í kommúnískri starfsemi. Það var í reynd svo að alþjóðahreyfing kommúnista Komintern var undir beinni stjórn Sovéska kommúnistaflokksins á þessum árum. Þau fyrirmæli sem gefin voru fjölluðu meðal annars um að grunneiningarnar í starfseminni ættu að vera hinar svonefndu sellur.⁹⁴ Það er baráttuhópur sem myndaður var á hverjum vinnustað fyrir sig. Ef ekki var hægt að stofna sellur á vinnustað var hægt að stofna þær eftir búsetu. Hvort tveggja var reynt á Ísafirði en árangur var lítill.

Í fundargerðabók Kommúnistafélags Ísafjarðar frá 1930 er aftast byrjað að færa inn skrá yfir kommúnistasellur á Ísafirði svo að greinilegt er að þegar í upphafi hafa verið áform um að þær yrðu margar.⁹⁵ Þar er getið um tvær sellur. Sella númer 1. Neðstakaupstað stofnuð 19. ágúst 1930.⁹⁶ Þar eru tilgreindir sem stofnfélagar Eggert Þorbjarnarson, Guðmundur Bjarnason, Sigurður Hannesson, Steinþór Steinsson og Oddur Oddsson. Númer 2 er svo sella í bæjarvinnu⁹⁷ stofnuð sama dag og þar eru stofnfélagar þeir Halldór Ólafsson, Ragnar G. Guðjónsson og Sverrir Guðmundsson.

Svo er að sjá að allt frá upphafi hafi sú sellustarfsemi sem stofnað var til farið eftir þeim venjum sem skipulag hreyfingarinnar bauð. Báðar þessar sellur færðu fundargerðir sem til eru og kemur þar vel fram að baráttumálin voru samstaða um aðild að verkalýðsfélögum og gagnrýni á yfiring verkstjóra sem taldir voru ganga erinda atvinnurekenda. Ekki eru þessar fundargerðir ítarlegar að efni og stundum má álíta að skort hafi umræðuefni sem fallið gætu inn í baráttuna. Það er einna helst þegar lagðar eru fram á fundi spurningar frá kommúnistamiðstjórninni í Reykjavík, sem félagarnir skiptu á milli sín að svara, að fundargerðirnar fái inntak.⁹⁸

⁹³ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1886/417. Bréf Sverris Kristjánssonar til Halldórs Ólafssonar.

⁹⁴ Þór Whitehead: *Kommúnistahreyfingin á Íslandi 1921-1934*, bls. 37-38.

⁹⁵ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók KFÍ.

⁹⁶ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók sellu í Neðstakaupstað.

⁹⁷ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók sellu í bæjarvinnu.

⁹⁸ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók sellu í bæjarvinnu. Sjá viðauka: Spurningar kommúnista-miðstjórnarinnar í Reykjavík og svör sellu í bæjarvinnu frá 23. September 1930.

Í starfslínum fyrir FUK á Ísafirði sem samþykktar voru á 4. þingi Sambands ungra kommúnista í Reykjavík þann 13. nóvember 1931 er sérstaklega fjallað um sellur og þar lagt fyrir SUK að stofna bústaðasellur þar sem ekki er hægt að stofna vinnustaðasellur og að selluskiptingin verði að fara fram í nánú samstarfi við félagana. Einnig er tekið fram að bústaðasellum skuli breytt í vinnustaðasellur þegar fært þygi.⁹⁹ Í þessum starfslínum er einnig lagt fyrir FUK að stofna vinnustaðasellu í Neðstakaupstað og skuli sú sella starfa í nánú samstarfi við flokkssellu sem þar er starfandi. Ekki var talið líklegt að FUK gæti komið að stofnun vinnustaðasellu á öðrum vinnustöðum og skuli þar starfað með flokksfélögum. Það hefur verið fólgið í því mikið ofmat hjá félögum í Reykjavík að hægt væri að stofna tvær sellur á sama vinnustað, þar sem það var í reynd þannig að einungis voru 3-6 félagar á hverjum vinnustað fánlegir til að taka þátt í starfsemi þegar á reyndi.

Innfærðar eru í fundargerðabók tvær fundargerðir fyrir Krókssellu frá því í febrúar og mars 1931.¹⁰⁰ Á fyrri fundinum 8. febrúar er ekki greint frá frá öðru en að rætt hafi verið um flokksmál auk þess sem Halldór Ólafsson sagði frá því að ungur maður sem vann í Neðstakaupstað hafi gert athugasemd við tímakaup sitt og verkstjóri þá rekið hann heim og ekki ráðið hann aftur. Á síðari fundinum var umræðuefnið kaupgjaldsmál og var þar farið yfir kaup og kjör við kolavinnu og fiskþvott. Einnig var umræðuefni hvert kaup unglunga skyldi vera og um kaffitíma og launaútborganir. Ekki er að sjá að starfsemi þessarar sellu hafi verið meiri og einungis er færð inn ein inntökubeiðni frá Vilhjálmi Jónssyni sem ekki verður séð að hafi starfað með kommúnistum að öðru leyti.¹⁰¹

Ekki er að finna í fundargerðabókum innfærðar fundargerðir fyrir Hlíðarsellu. En í bréfi sem Ingimundur Steinsson skrifar til Áka Jakobssonar þann 20. júlí 1932 getur hann um þessa sellu. Segir hana hafa verið stofnaða heima hjá sér að Þórshamri og að stofnendur séu 6 og að hann sé formaður.¹⁰² Nánar greinir hann ekki frá starfsemi sellunnar í þessu bréfi eða öðrum bréfum sem tiltæk eru.

⁹⁹ *Héraðsskjalasafn Ísafjarðar*, 1865/417. Bréf sem inniheldur starfslínur frá SUK til FUK.

¹⁰⁰ *Héraðsskjalasafn Ísafjarðar*, 1865/415. Fundargerðabók Krókssellu.

¹⁰¹ *Héraðsskjalasafn Ísafjarðar*, 1865/415. Fundargerðabók Krókssellu.

¹⁰² Gögn Þorsteins Péturssonar (Göpp) í vörslu Þórs Whiteheads. Bréf Ingimundar Steinssonar til Áka Jakobssonar.

Í fundargerðabók sellu í bæjarvinnu eru færðar inn 5 fundargerðir á tímabilinu ágúst til október 1930, þar sem meðal annars er leitast við að svar spurningum kommúnistamiðstjórnarinnar í Reykjavík. Eftir það er sama fundargerðabók notuð fyrir þrjá fundi leshóps kommúnista og síðan fyrir tvær fundargerðir Krókssellu. Þá er færð inn í fundargerðabókina fundargerð stofnfundar kommúnistasellu í bæjarvinnu frá 5. júlí 1931, rétt eins og gleymt sé að sellan hafi verið stofnuð árið áður. Skráðir stofnendur eru aðeins þrír og höfðu allir verið starfandi árið áður og nú var ákveðið að halda fundi vikulega á miðvikudagskvöldum kl. 8.¹⁰³ Ástæðan fyrir þessu kann að vera sú að sellan var stofnuð árið áður en Kommúnistaflokkurinn var formlega stofnaður og kann því að hafa verið álitin ólögleg. Þrátt fyrir áform um vikulega fundi er svo að sjá að fundir í sellu í bæjarvinnu hafi ekki verið fleiri.

Fundargerðabókin fær svo rúmu ári síðar það hlutverk að geyma fundargerðir nefndar sem kosin var til að rannsaka mál Ingólfs Jónssonar og brottrekstur hans úr kommúnistaflokki. Þannig má segja að sellustarfsemi ísfirskra kommúnista varð hvorki fugl né fiskur. Sömu mennirnir voru að vasast í margskonar félagsstarfsemi og reyndu ákaft að fá nýja félag, sem oft gekk illa og þeir sem komu til starfa stóðu oft stutt við. Þær leiðbeiningar sem þeir fengu frá yfirstjórninni í Reykjavík reyndust ekki vel. Skipulag sem ísfirskum kommúnistum var ætlað að vinna eftir gerði ráð fyrir mun meira fjölmenni en var til staðar á Ísafirði. Sellustarfsemin virðist vera mest fyrsta starfsárið. Eftir það verður hennar einungis tvisvar vart. Það er þegar gerð er tilraun til stofnunar sellu í Gagnfræðaskólanum, sem einnig var kölluð eldri deild pionera og greint er frá í næsta kafla. Í hinni sellunni sem starfar frá því í desember 1933 og þar til í apríl 1934 eru ekki nefnd nein nöfn. Sellan ber nafnið B II og einungis er talað um félagana með númerum.¹⁰⁴ Þar segir frá því að félagar nr. 5 og 16 hafi vanrækt að sækja sellufundi, en samt er það svo að félagi nr 16 er skömmu síðar gerður ábyrgur fyrir starfi meðal íþróttamanna.

2.4 Ungherjar og æskulýðsstarf

Söngur pionera

(lag; Siggí var úti með ærnar í haga)

Við erum kúguð og verðum að berjast,
verkalýðsbarnanna forystu sveit,

¹⁰³ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók sellu í bæjarvinnu.

¹⁰⁴ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók sellu B II.

Harðstjórn og þrældómi vasklega að verjast .
Vinnum því einhuga byltingarheit.
Auðvaldsvígin í einingu brjótum.
Ávöxtum starfsins saman við njótum.
Allir fram þar til unnið er stríð.
(Höfundur Halldór Ólafsson)

Samkvæmt starfslínunum kommúnistaflokka var þeim uppálagt að stofna barnadeildir og sjá til þess að þar færi fram viðeigandi fræðsla.¹⁰⁵ Strax á fyrstu mánuðum starfseminnar árið 1930 voru kommúnistarnir á Ísafirði áhugasamir um að koma á fót æskulýðsstarfi. Þannig skrifar Steinþór Steinsson í bréfi 2. október 1930 „og er kannski að hugsa um að seinna, með tíð og tíma að stofna með þeim Pionera flokk, en til þess þarf ég að fá allar mögulegar upplýsingar um stofnun og starf.“¹⁰⁶

Fundargerðabækur gera grein fyrir því að það eru ungliðarnir sem duglegastir eru við fundarstörrfinn því að á tímabilinu febrúar 1932 þangað til í apríl 1933 eru haldnir um 30 fundir hjá börnunum.¹⁰⁷ Á fyrsta fundinum voru skráðir sex stofnfélagar en þá eins og á síðari fundum eru eldri félagar viðstaddir og lesa sögur, segja frá og sýna myndir frá Sovétríkjunum. Fyrsti formaður hjá ungliðunum var kosinn Þórður Þorsteinsson en sú formennska stóð stutt því að á næsta fundi er lesið upp bréf þar sem hann tilkynnir úrsögn sína úr félaginu. Fleirri tilfelli eru um það að félagar hverfi fljótt frá og sækja aðeins einn fund. Geta má sér þess til að foreldrar hafi þar haft áhrif og komið í veg fyrir frekari fundarsókn.

Ekki er að sjá að félagsstarfsemin hafi verið ýkja fjölbreytt. Á flestum fundunum er getið um kosningu í veggblaðanefnd og skemmtinefnd og er þá væntanlega verið að huga að næsta fundi. Í það minnsta er í þó nokkur skipti talað um upplestur á veggblöðum og eitt sinn hvetur eldri félagi til meiri vandvirkni til að geta sent veggblað til ungherja í Reykjavík.

Inntaka nýrra félaga er oft tilgreind en svo er að sjá að hægt hafi samt gengið að fjölga ungliðunum. Því að þó að nöfn þeirra komi fram sem nýir félagar mæta þau ekki á annan fund en þann sem inntakan er samþykkt. Oft er aldur barnanna tilgreindur þegar þau

¹⁰⁵ Héraðsskjalasafnið á Ísafirði, 1886/417. Starfslínur, bréf frá Kommúnistaflokki Íslands

¹⁰⁶ Gögn Þorsteins Péturssonar (Gögn) í vörslu Þórs Whiteheads. Bréf Steinþórs Steinssonar til félaga í Reykjavík.

¹⁰⁷ Héraðsskjalasafnið á Ísafirði, 1865/415. Fundargerðabók fyrir Pioneradeild.

eru skráð í félagið og er hann þá frá átta árum og upp í þrettán ár. Þegar þeir fullorðnu rita fundargerðinar, en það kemur fyrir í nokkur skipti, eru þær ýtarlegri. Lagt er fyrir börnin að þau verði að útvega nýja féлага ef þau fari í sveit yfir sumarið. Þá er lofað mynd af Rósu Luxemburg eða Karli Liebekneect til þeirra sem útvegað geta flesta nýja féлага.

Hópurinn verður aldrei fjölmennur og mest áberandi, þegar kosið er í veggblaðanefnd og skemmtinefnd, eru nöfn þriggja barna Jóns skraddari og Karlínu þeirra Þórarins, Margrétar og Kristínar. Ætla má að þessi starfsemi hafi lagst niður vorið 1933 í það minnsta er ekki að finna fundargerðir eftir það.

Síðla vetrar 1933 er stofnuð skólasella Gagnfræðaskólans eða eldri deild ungliða (pionera). Þá hefur yngri deildin deildin starfað í rúmt ár og haldið um þrjátíu fundi. Sagt er að tímabært sé að færa starfið hjá eldri unglíngunum í fast form og ná með hugsjónirnar til unglínganna. Á fundinum eru mættir sex félagar sem ætla að starfa í sellunni auk tveggja annarra sem kváðust ætla að starfa með sellunni án þess þó að ganga í hana.¹⁰⁸ Fyrstur tók til máls á fundinum Eyjólfur Árnason sem verið hafði við byltingarnám í Moskvu árin 1930-1932, eins og áður segir. Hann gerði að umtalsefni starfsemi FUK og pólitíska starfsemi í skólum. Ræddi hann einnig um brottrekstur tveggja nemenda úr skólum á Akureyri. Í umræðum síðar á fundinum var ákveðið að fyrsta málið sem sellan mundi beita sér fyrir yrði heilsufarsskoðun nemenda. Á næsta fundi upplýsti formaður sellunar Andrés Bjarnason að viðræður við skólastjóra um málið hefðu engan árangur borðið þar sem hann taldi það ekki í sínum verkahring að sjá til þess að almenn heilsufarsskoðun færi fram og er svo að sjá að þetta baráttumál hafi þar með dagað uppi.

Næsta baráttumál sem tekið var upp á fundum sellunnar var andóf gegn frumvarpi um ríkislögreglu í hvaða mynd sem er og var stofnun ríkislögreglu talin „óverjandi gerræði með þeim eina tilgangi að beita henni sem stéttarher auðvaldsinns gegn verkalýð til sjávar og sveita.“¹⁰⁹ Á fjórða fundi í skólasellunni sem haldin var viku eftir stofnfundinn voru a.m.k. tveir eldri félagar þeir Halldór Ólafsson og Sigurður Hannesson sem kvöttu til þess að málefni ríkislögreglustjóra yrðu tekin upp á fundi í málfundafélagi Gagnfræðaskólans og þar yrði reynt að knýja fram atkvæðagreiðslu þar sem frumvarpinu væri mótmælt. Halldór sagði nauðsynlegt að tala við skólastjóra, halda fund strax á morgun og mótmæla

¹⁰⁸ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók skólasellu S.U.K. í Gagnfræðaskóla Ísafjarðar.

¹⁰⁹ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók skólasellu S.U.K. í Gagnfræðaskóla Ísafjarðar.

því að verkalýður þessa land borgi stórar upphæðir til þess eins að láta berja sig. Á næsta fundi sellunnar tæpri viku síðar er svo að sjá að skólastjórinn, Lúðvíg Guðmundsson hafi komið í veg fyrir að fundur væri haldinn í málfundafélagi skólans um þetta mál og þar með enginn samþykkt gerð sem mótmælti þessu umdeilda frumvarpi.

En áfram var haldið að finna baráttumál sem tekin skyldu upp. Næst var það ræktun nemenda á landi sem skólinn léti girða af en ekki er að sjá að neitt hafi orðið úr þeim áformum. Tveir síðust fundir sellunnar hafa báðir dagsetningun 3 apríl.¹¹⁰ Á þeim fyrri er Eyjólfur Árnason mættur og átelur stjórn sellunnar fyrir undirbúning funda og fundarstjórn og er það væntanlega vegna þess hvernig til tókst með að fá samþykkt mótmæli við frumvarpi til laga um ríkislögreglu. Á síðasta fundinum er a.m.k. þrír eldri félagar mættir, einn les sögu, annar segir frá ungherjahreyfingunni og sá þriðji stefnu og stofnun ungherjahreyfinga eftir byltinuna. Annað er ekki bókað frá þessum síðasta fundi. Þannig er að sjá að sellan hafi lognast útaf eftir um mánaðarstarfsemi. Það dugði ekki til að Moskvulærður byltingamaður og a.m.k. þrír eldri félagar aðstoðuðu við starfsemina. Baráttumálin sem valin voru hlutu engan framgang og félögum í sellunni fjölgaði ekki.

2.5 Baráttuhópur í Baldri

Sá hópur sem einna virkastur var í kommúnískri starfsemi á Ísafirði var án efa hópur sem sem kallað sig baráttuhópur í Baldri. Verkalýðsfélagið Baldur var stofnað á Ísafirði árið 1916 og hét fyrsta árið Verkamannafélag Ísafjarðar en nafni þess var breytt strax árið 1917 í Verkalýðsfélagið Baldur.¹¹¹ Finnur Jónsson póstmeistari varð formaður Baldurs árið 1921, skömmu eftir að hann hafði flutt frá Akureyri til Ísafjarðar. Eðli málsins samkvæmt var það kommúnistum mikið kappsmál að komast til áhrifa innan félagsins. En þar var við ramman reip að draga. Alþýðuflokksmenn voru ekki tilbúnir að gefa eftir þau tók sem þeir höfðu á verkalýðsfélaginu Baldri. Og í reynd varð það svo að eftir því sem kommúnistar hertu baráttuna, eftir að slitnaði upp úr samstarfi innan verkalýðshreyfingarinnar, voru Alþýðuflokksmenn harðari í afstöðu sinni gegn þeim.

Flestar þær fundargerðir sem liðið í Baldri skráði ganga út á það að skipuleggja sig fyrir þá fundi sem haldnir voru í Baldri og þá sérstaklega fyrir aðalfundi. Tillöguflutningur

¹¹⁰ Vel er líklegt að seinni fundurinn hafi verið haldinn fáeinum dögum síðar.

¹¹¹ Sigurður Pétursson: *Vindur í seglum*, bls. 193-195.

miðaði að því að fá sem flesta stuðningsmenn og ef það gat einnig komið af stað ágreiningi innan Alþýðuflokksins var það góð viðbót. Umræðuefni fundanna voru oftast kauptaxtar, verkstjórn og aðbúnaður á vinnustað. Sjá má að það voru oftar enn ekki hjá Samvinnufélögunum sem slíkar athugasemdir voru gerðar. Þegar svo ákveðið var að færa umræðurnar og koma með ályktanir inn á Baldursfundi var stundum reynt að finna einhvern sem stóð fyrir utan innsta kjarna kommúnista til að flytja tillögur í þeirri von að fundarmenn samþykktu tillöguna frekar.¹¹²

Í janúar 1933 berst kommúnistum til eyrna að Finnur Jónsson hafi hug á því að Karitas Skarphéðinsdóttir og Jón Jónsson klæðskeri séu rekin úr verkalýðsfélaginu. Ákveðið er á fundi að fara með áskriftarlista til Hannibals Valdimarssonar sem þá var orðinn formaður Balurs og voru á listanum 50 nöfn sem mótmæltu fyrirhuguðum brottrekstri. Hvort það eða aðrar ástæður hafa komið í veg fyrir brottreksturinn þá, verður ekki séð. Enn brottrekstur þeirra Jóns og Karitasar úr félaginu á sér svo stað ári síðar og þá eru þeir Halldór Ólafsson og Eyjólfur Árnason einnig gerðir brottrækir.¹¹³

Oftast er þessi hópur kallaður liðið í Baldri en þó kemur fyrir að talað er um samfylkingarliðið og einnig er talað um fundi faglegu leiðtoganna í FUK og KFÍ. Þegar svo Eggert Þorbjarnarson er á fundum í desember 1933, og hann skrifar fundargerðir er liðið kallað kommúnistaliðið í Baldri. Á þeim fundum fer líka fram uppgjör á því starfi sem stundað hafði verið árið áður. Þar fer Halldór Ólafsson yfir starfið og ræðir um villur og veikleika.

Jafnframt því sem hann benti á hversu lélegt og tækifærissinnað starf okkar innan Baldurs hefði verið þá benti hann á hvernig við hefðum algerlega vanrækt allt starf á meðal sjómanna. Orsakarinnar fyrir því að starf okkar er svona lélegt og ekkert er sú tækifærisstefna sem er innan deildarinnar og FUK. Hann talaði einnig um hvernig það væri vegna einskis undirbúnings sem féll Eggert komst ekki inn í Baldur.¹¹⁴

Eggert Þorbjarnarson gengur svo enn lengra í gagnrýni sinni á störf félaga sinna þegar hann ræðir um tækifærisstefnuna og það hvaða villur hafa verið uppi. Hann tilgreinir sérstaklega þau Karitas og Jón og segir „einangrunartilhneiging þeirra hafi komið afar

¹¹² *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók fyrir liðið í Baldri.

¹¹³ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók fyrir liðið í Baldri.

¹¹⁴ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók fyrir liðið í Baldri.

mikið í ljós sérstaklega í sambandi við starfið í Baldri.¹¹⁵ Þetta er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að það leið einungis einn mánuður þar til þau höfðu bæði verið gerð brottræk úr félaginu.

2.6 Önnur félagsstarfsemi

Af fundargerðum blaðnefndar verður séð að tilgangur þeirrar nefndar var ekki útgáfustarfsemi heldur var starfið einungis fólgið í því að sjá um útbreiðslu *Verklyðsblaðsins* á Ísafirði, það er að bera út blaðið og innheimta áskriftargjöld.¹¹⁶ Fram kemur að það tókst að útvega um 90 áskrifendur að blaðinu og að auki voru fáein eintök seld í lausasölu. Fundirnir í blaðnefndinni voru einungis fjórir, haldnir í ágúst og september 1930. Í stjórn blaðnefndarinnar voru þau Steinþór Steinsson sem var formaður, Þuríður Finnsdóttir og Halldór Ólafsson. Á síðasta fundinum er bókað að tekið skuli upp nýtt fyrirkomulag, þannig að klúbbfélagar skuli skipta bæjarfélaginu á milli sín og sjá um innheimtu hver á sínu svæði. Í þessum fundargerðum sem Halldór Ólafsson rita er augljóslega farið af stað með formlega nákvæmni að leiðarljósi en fundirnir verða ekki margir. Síðar verður sú fundargerðabók sem ætluð var blaðnefndinni að fundargerðabók fyrir ungmennastarfið (pionerana).

Í ársbyrjun 1931 er stofnaður leshópur kommúnista sem koma skyldi saman einu sinni í viku á mánudagskvöldum heima hjá Halldóri Ólafssyni.¹¹⁷ Fundirnir verða fjórir og þar af eru tveir sem fara í að lesa og ræða grein Einars Olgeirssonar sem nefndist „Straumhvörf“ og birtist í 15 árgangi tímaritsins *Réttar*. Einnig er tilgrein að á fundi hafi verið lesið sellublað gefið út af bæjarhverfissellu í Reykjavík. En eins og oft er verða fundirnir fáir og fáir mæta á fundina og starfsemin legst af. Líklegt er að einungis tveir til fjórir félagar hafi mætt á hvern þessar funda.

Í fundargerðabók sem að mestu er frá árinu 1933 og inn eru færðar fundargerðir stjórnar Ísafjarðardeildar KFÍ eru einnig fundargerðir fagnefndar, útbreiðslu og fræðslunefndar og og skipulagsnefndar. Einnig kemur fram að haldnir eru fundir í kvennanefnd.¹¹⁸ Ekki er um það að ræða að margar eða margir mæti en einn er sá sem ekki

¹¹⁵ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók fyrir liðið í Baldri.

¹¹⁶ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók blaðnefndar.

¹¹⁷ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók leshóps.

¹¹⁸ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók, stjórn og nefndir.

lætur sig vanta en það er Halldór Ólafsson. Það er reyndar svo að sjá að hann sé næstum alltaf mættur þegar fundur er í samtökunum á þessum tímum. Hann virðist óþreypandi við að vinna baráttumálunum framgang. Uppi eru áform um að ná til fleiri kvenna og er birtur listi yfir konur sem vænlegt væri að tala við og bjóða til fundar en ekki verður séð hvort af þeim fundi hefur orðið.

3 ÁFÖLL OG SIGRAR

Hver sá félagi í kommúnistaflokki, sem lýsir ósamþykki við þessi inntökuskilyrði, skal rekinn úr flokknum.¹¹⁹

Af þeirri sögu ísfirskra kommúnista á fjórða áratug síðustu aldar sem hér er rakin er ljóst að áföllin voru fleiri og meiri en sigranir sem unnust. Þessi flokkur manna sem með miklum vilja barðist fyrir hugsjónum sínum hafði ekki árangur sem erfiði. Þrátt fyrir ágætt gengi í kosningum 1934 þar sem þeir urðu sér út um oddaðstöðu við stjórnun bæjarmála á Ísafirði fór það svo að þeir kusu að nota þá aðstöðu til einskis. Það tækifæri sem þeir þar fengu var ekki notað.

Af þeim áföllum sem þeir urðu fyrir var það tvennt sem hafði afgerandi þýðingu. Annað var brottrekstur fjögurra félaga úr verkalýðsfélaginu Baldri og hitt var brottrekstur Ingólfs bæjarstjóra úr Kommúnistaflokki Íslands. Bæði þessi atriði voru umdeild á sinni tíð og svo eiga þau það sameiginlegt að um hálfri öld eftir að atburðirnir gerðust upphófust deilurnar aftur með blaðaskrifum og var þá vel ljóst að ekki var að fullu fennt í sporin. Þetta ásamt erfiðu atvinnuástandi, erfiðleikum fólks við framfærslu sem leiddi til brottflutnings, var að líkindum meginástæða þess að ekki gekk betur í starfsemi kommúnista en raun varð á.

3.1 Brottrekstur bæjarstjórans og fátækramálin

Keisaraveldi-Krataveldi

Fyrir byltinguna í Rússlandi var það ein af ráðstöfunum keisara og aðals til að tryggja völd sín, að flytja þá karla og konur, sem í einu og öllu ekki vildu beygja sig undir hnútasvipu keisaravaldsins út í afkima hins mikla keisaradæmis, til Síberíu eða annara Hornstranda þessa víðáttumikla lands...Sósíaldemóktatar nota sömu aðferðina í dag til þess að láta ekki byltingarsinnaða verkamenn fletta ofan af svívirðingum þeim, er þeir framkvæma fyrir íslenska borgarastétt, þannig sveltu ísfirsku kratarnir í

¹¹⁹ Snorri G. Bergsson: *Roðinn í austri*, bls.78. Úr inntökuskilyrðum í Komintern sem Lenín lagði fram og fékk samþykkt. Skilyrðin ganga undir ýmsum nöfnum á íslensku eins og Moskvuskilyrði, Moskvutesur eða Moskvugreinar.

burtu einhverja stéttvísustu og róttækustu verkamennina frá Ísafirði. Í vor flæmdu þeir á þennan hátt burtu hjón með 7 ung börn og settu þau niður norður á Hornströndum.¹²⁰

Af þeim áföllum sem kommúnistar á Ísafirði urðu fyrir var ekkert sem þeir áttu eins erfitt með að sætta sig við og brottrekstur bæjarstjórans, Ingólfs Jónssonar, úr Kommúnistaflokknum vegna framkomu hans í málefnum sem sneru að fátækraflutningum. Þessar deilur sem upp komu voru ekki þær einu sem sneru að þessum málaflokki. Árið 1933 urðu deilur út af flutningi Ríkeyjar Eiríksdóttur og Sæmundar Guðmundssonar norður í Árneshrepp á Ströndum, en þau höfðu verið virkir félagar í Kommúnistaflokknum á Ísafirði.¹²¹ Árið 1989 hófust aftur blaðaskrif út af þessum sveitaflutningi og var þar ljóst að harðvítug átök fyrri tíma settu mark sitt á umræðuna.¹²² Sjá má af viðbrögðum kommúnistafélaganna á Ísafirði að þeim fannst brottrekstur Ingólfs afar óréttláttur og að það væri ekkert sem réttlætti hann. Og þetta þurftu þeir að þola af hálfu félaga sinna í Reykjavík.

Þegar leið á árið 1932 mögnuðust mjög deilur innan Kommúnistaflokks Íslands. Valdaráttá átti sér stað innan flokksins þar sem sagt var að andstæðurnar væru „vinstrimenn“ („réttlínumennirnir“) undir forystu Brynjólfs Bjarnasonar og þeirra sem verið höfðu verið við nám í Moskvu annars vegar og svo „hægrimenn“ („tækifærissinnar) sem nutu leiðsagnar Einars Olgeirssonar og Stefáns Pjeturssonar.¹²³ Tekist var á um stefnu og völd og náðu þessar deilur hámarki á flokksþinginu í nóvember 1932. Réttlínumennirnir beittu sér fyrir mjög harðri afstöðu gagnvart svokölluðum tækifærissinum eða þeim sem sýndu ekki sósíaldemókrötum fulla hörku eða kusu að starfa með þeim. Þar með var ísfirski bæjarstjórinn Ingólfur Jónsson kominn í beina skotlínu þessara afla. Afstaða til samfélagsmála er það sem ræður í pólitískri baráttu. Baráttan gegn fátækralögum og reglur um sveitaflutning höfðu verið baráttumál Alþýðuflokks og vinstri manna. Eðlilega höfðu kommúnistar svipaðar áherslur en þær þurftu að vera róttækari og þá sérstaklega ef það þurfti að sýna fram á ágreining. Deilur milli Alþýðuflokks og kommúnista er rétt að skoða í þessu ljósi.

¹²⁰ „Keisaraveldi-Krataveldi“ *Nýja konan*, 1. desember 1933.

¹²¹ „Af Ríkey og Sæmundi“ *Morgunblaðið*, 22. ágúst 1989.

¹²² „Afturgenginn áróður á Stöð 2“ *Morgunblaðið*, 3. ágúst 1989.

¹²³ Þór Whitehead: *Sovét – Íslands. Óskalandið*, bls.259-262.

Það gerist hvort tveggja þann 27. september 1932 að *Verklýðsblaðið* birtir frásögn af því að „verkalýðurinn“ hafi hindrað fátækraflutning¹²⁴ sem kratarnir á Ísafirði ætluðu að láta framkvæma og hitt að Brynjólfur Bjarnason formaður Kommunistaflokks Íslands skrifar Ingólfi Jónssyni bæjarstjóra persónulegt bréf.¹²⁵ Í *Verklýðsblaðinu* er skýrt frá því að til hafi staðið að flytja gamlan og heilsulausan mann af elliheimili í Reykjavík gegn vilja hans. Símskeyti sem borist hafi frá atvinnuleysingjanefnd kommúnista í Reykjavík, þar sem hótað var að koma í veg fyrir umræddan flutninginn með valdbeitingu, hafi orðið til þess að beiðnin um sveitaflutninginn var afturkölluð. Blaðið skýrir einnig frá því að til standi fleiri sveitaflutningar á vegum kratanna á Ísafirði og annars staðar og því sé mikilvægt að hindra „kratabroddana þessa auðvirðulegustu þjóna auðvaldsins í að framkvæma þrælbrögð sín“.¹²⁶ Í neðanmálgrein blaðsins er greint frá því að Ingólfur bæjarstjóri hafi verið fjarverandi þegar krafan um sveitaflutning var samþykkt og að hann hafi mótmælt við bæjarstjórn og sagst aldrei munu taka þátt í neinum fátækraflutningum.

Í bréfi Brynjólfs til Ingólfs þennan sama dag segir hann að sér hafi verið falið að skrifa nokkrar línur út af fátækraflutningum. Hann segir að ábyrgðin sem á Ingólfi hvíli sé mikil að sinna jafn þýðingarmiklu starfi í bæjarfélagi þar sem öll völd séu í höndum andstæðinganna og eiga svo að koma fram eins og kommúnista sæmir og eins og leiðtoga ASV sæmir. Brynjólfur segir að Ingólfi hafi mátt vera ljóst það sem til stóð og hann hefði getað komið í veg fyrir það. „Hér kemur eins og oftár fram hjá þér þessi trú þín á heiðarleika kratanna. Hvað þér gengur að læra að líta á þá sem engu betri fjandmenn en íhaldið ... Að láta deildina á Ísafirði skerast í leikinn og organisera massann virðist þér ekki hafa komið til hugar. Það er alveg augljóst að svonalöguð pólitík gerir flokkinn á Ísafirði að máttlausum vinstri socialdemokratiskum aftaniossum.“¹²⁷ Í lok bréfsins segir Brynjólfur að flokkinn á Ísafirði skorti sjálfsgagnrýni, verði að hætta að semja og makkera við kratana og taka gagnrýni eins og bolsjevikkum sæmi. Hann kveður í trausti þess að Ingólfur sýni kommúnistiskan drengskap og segist senda félagi Halldóri afrit af bréfinu.

¹²⁴ *Verklýðsblaðið* 27. september 1932.

¹²⁵ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*. Fundargerðabók, endurrit af bréfi Brynjólfs Bjarnasonar til Ingólfs Jónssonar.

¹²⁶ *Verklýðsblaðið* 27. september 1932.

¹²⁷ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*. Fundargerðabók, endurrit af bréfi Brynjólfs Bjarnasonar til Ingólfs Jónssonar.

En bæjarstjórinn á Ísafirði gerir ekki alveg það sem til er ætlast því að 1. október sendir hann til *Verklyðsblaðsins* yfirlýsingu frá fátækranevnd Ísafjarðar en þar á hann sæti ásamt Finni bróður sínum og Sigurði Guðmundssyni. Í yfirlýsingunni er sagt að frásögn *Verklyðsblaðsins* sé tilhæfulaus, ekki haf staðið til að standa í nauðungarflutningi og auk þess hafi beiðni um flutning verið afturkölluð þremur dögum áður en atvinnuleysingjanevndin segist hafa ætlað að hindra flutninginn og þá hafi ekki legið fyrir neinar kröfur kommúnista. Í yfirlýsingunni er einnig sagt að hin besta samvinna sé á milli Ingólfs, bæjarstjórnar og fátækranevndar og enginn ágreiningur.¹²⁸

Þetta er meira en miðstjórn Kommúnistaflokks Íslands gertur sætt sig við. Á fundi 4. október er ákveðið að víkja Ingólfi tafarlaust úr flokknum. Ástæðurnar eru, að þrátt fyrir ítrekaðar áminningar, gerist hann samábyrgur sósíaldemókratabroddunum á Ísafirði og reyni að breiða yfir svik þeirra, og með yfirlýsingu lýsir hann yfir fjandskap sínum við Kommúnistaflokksinn og baráttu hans fyrir málstað fátæklinga. Ingólfur er einnig kallaður liðhlaupi og sagt að brottreksturinn verði lagður fyrir miðstjórn flokksins þann 14. nóvember.¹²⁹

Í blöðum næstu daga var mikið um málið fjallað og *Alþýðublaðið* hélt því fram að Ingólfur hefði verið rekinn úr flokknum fyrir að segja satt á meðan *Verklyðsblaðið* sagði að bæjarstjórinn hefði ekkert gert til að koma í veg fyrir kaupkúgun kratabroddanna sem hefðu lækka laun verkakvenna og annarra og hann hafi jafnvel gengið svo langt að verja þetta „svínari“¹³⁰ Þá rifjaði blaðið *Alþýðumaðurinn* upp orð Ólafs Friðrikssonar á Alþýðusambandsþinginu 1930, þegar kommúnistar gengu úr Alþýðuflokknum „að Ingólfur Jónsson mundi verða fyrsti maðurinn, sem yrði rekinn úr flokknum. Síðan yrði haldið áfram þangað til Brynjólfur Bjarnason yrði einn eftir. Fyrri hluti spádóms Ólafs er kominn fram.“¹³¹

Þegar tíðindin um brottrekstur Ingólfs bárust til Ísafjarðar hófust mikil fundarhöld þar hjá félögum hans. Nefnd var kosin til að fara yfir málið og fundaði hún í þrjá daga og tvisvar þann síðasta¹³² og stjórn félgsins fundaði tvívegis.¹³³ Allt var rætt og niðurstaðan

¹²⁸ *Alþýðublaðið* 4. október 1932.

¹²⁹ *Verklyðsblaðið* 5. október 1932.

¹³⁰ *Verklyðsblaðið* 5. október 1932.

¹³¹ „Samfylking þeirra stéttvísu“ *Alþýðumaðurinn*, 11. október 1932.

¹³² *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók um brottrekstur I.J.

var sú að um óheiðarlegar árásir á Ingólf væri að ræða. Hann hefði ekkert gert sem réttlætti brottvikningu hans úr Kommúnistaflokknum.

Þegar uppgjör fer fram á Landsfundi miðstjórnarinnar ári síðar kemur fram að ekki er ánægja með stöðu mála á Ísafirð en skýringin á því hvers vegna ekki hefur gengið betur þar er sögð sú að klíka tækifærissinna hefur komið í veg fyrir sjálfsgagnrýni og að þar hafi ekki verið hafin baráttu gegn áhrifum Ingólfs Jónssonar á deildina.¹³⁴

Í ályktun fyrir Ísafjörð sem samþykkt er á flokksþingi er fjallað um þetta mál. Þar er sagt að „þegar I.J. var rekinn úr flokknum tók deildin í fyrstu fraktionella afstöðu og á eftir krítiseraði deildin sig afar ófullkomið, tók ekki upp baráttuna gegn tækifærisstefnunni innan deildarinnar og afhjúpaði ekki villur I.J. frammi fyrir verkalýðnum.“¹³⁵ Þá er í ályktuninni gagnrýnt það vanmat og sáttfýsi einstakra félaga að koma til hugar að stilla honum upp til bæjarstjórnarkosninga og það jafnvel sem efsta manni. Tækifærisstefnan hefur gegnumsírt starfsemina deildarinnar svo mjög að félagarnir Halldór og Eyjólfur hafa alls ekki skilið að um tækifærisstefnu væri að ræða. Þeir hafi því „vanmetið og sýnt vítaværða sáttfýsi gagnvart hinum flokksfjandsamlegu áhrifum I.J. innan deildarinnar.“¹³⁶

Þessum ásökunum svarar Ísafjarðardeild KFÍ svo með bréfi 15. desember og viðurkennir veikleika í baráttunni við tækifærisstefnunni. Þar segir að í deildinni séu enn ríkjandi skakkar skoðanir á Ingólfi Jónssyni og það hafi meðal annars komið í ljós hjá félaga Karitas „þegar hún segir að ekki hafi þurft að koma félagi sunnan úr Reykjavík til þess að skýra hver I.J. er.“ Fjallað er í bréfinu um hvaða skipulegu ráðstafanir hafi verið gerðar til að uppræta tækifærisstefnuna og þar sagt að Guðmundi Bjarnasyni hafi verið vikið úr flokknum og að Guðrúnu Einarsdóttur hafi verið vikið úr deildarstjórn. Einnig er fjallað í bréfinu um afstöðu eiginkonu bæjarstjórans.

Fél. Ingibj. Steinsd. áleit að I.J. væri á leiðinni til flokksins, að hann vildi gagnrýna sig, og þess vegna yrði að leggja áherslu á að hjálpa honum og vinna hann fyrir flokkinn. Fé. I.S. hefur tekið sjálf kritisk spor, en ófullnægjandi og er vaklandi gagnvart tækifærisinnuðum skoðunum. Hún er veik fyrir áhrifum frá Guðm.

¹³³ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók stjórnar KFÍ.

¹³⁴ *Verklýðsblaðið*, 27. nóvember 1933.

¹³⁵ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1886/417. Ályktun fyrir Ísafjörð.

¹³⁶ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1886/417. Ályktun fyrir Ísafjörð.

Bjarnas., sem kemur fram í því að hún eftir að hafa talað við hann, þegar búið var að reka hann úr FUK og flokknum, talaði um möguleika á því að hann kæmi með sjálfsgagnrýni og gerðist félagi.¹³⁷

Í bréfinu kemur fram að Ísafjarðardeild KFÍ hefur ekki staðið sig sem skildi í baráttunni og vanrækt margt og ætlar að reyna að bæta þar um.

Þannig má segja að það tók deildina á Ísafirði um eitt ár að setta sig við brottrekstur Ingólfs úr flokknum og að það gerist eftir að Eggert Þorbjarnarson er kominn til Ísafjarðar haustið 1933 og sér til þess að bréf er skrifað um miðjan desember til að gera grein fyrir veikleikunum. Bréfið endar á því að greina frá því að verið sé að ljúka við kosningaundirbúning og ganga frá uppstillingu á lista. Deildin ætlar að setta sig við þá ákvörðun yfirboðara sinna sem hefur verið tekin. Um annað er heldur ekki að ræða samkvæmt skipulagsreglum flokksins.

3.2 Bæjarstjórnarkosningar 1934

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram árið 1934 og í janúarmánuði fóru fram kosningar í hinum átta kaupstöðum landsins. Ekki var kosið allsstaðar á sama tíma og fóru kosningar þannig ekki fram á Ísafirði fyrr en 20 janúar. Kommúnistaflokkur Íslands bauð fram lista í öllum kaupstöðunum átta en þetta voru fyrstu sveitarstjórnarkosningarnar sem fram fóru eftir að flokkurinn var stofnaður. Bestur varð árangurinn í Vestmannaeyjum, á Siglufirði og Akureyri þar sem fylgið varð á milli 20 og 30 prósent á hverjum stað. Einnig náðist ágætis árangur í Reykjavík, á Seyðisfirði og Ísafirði en lökust varð útkoman í Hafnarfirði og á Neskaupsstað.¹³⁸

Að undirbúningi framboðs á Ísafirði hafði verið unnið síðustu mánuðina fyrir kosningar þó svo að ekki tækist að hafa nema átta nöfn á framboðslistanum, einu færna en fulltrúarnir sem kjósa skildi. Listabókstafur kommúnista var B-listi en auk þess lista komu fram tveir listar aðrir A-listi Sjálfstæðisflokks og C-listi Alþýðuflokks báðir fullskipaðir með nöfnum átján fulltrúa.

¹³⁷ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1886/417. Bréf KFÍ til Kommúnistaflokks Íslands.

¹³⁸ Sjá töflu yfir kosningaúrslit. Viðauki D.

Síðustu vikurnar fyrir kosningar skiptust blöðin á hefðbundnum skeytasendingum að hætti þess tíma og þannig sagði *Skutull* frá því 12. janúar að blaðssnepillinn *Baldur* sem kommúnistar gáfu út birti ekkert nema óhróður um alþýðuflokksfólk en minnst ekkert á íhaldið. Þeir séu einnig sínu verri en flokksbræður þeirra á Siglufirði því þar viðurkenni þeir þjófnað en ekki á Ísafirði og þannig sverji þessir hálfbræður íhalds og nasista sig fallega í ættina.¹³⁹ Svo sem venja var í kosningum á Ísafirði var hart barist um hvert atkvæði. Þannig birti *Skutull* frétt þess efnis daginn fyrir kosningar að íhaldsmenn hafi leigt allar bifreiðar í kaupstaðnum nema eina og auk þess séð til þess að bifreiðar í nágrenninu séu einnig uppteknar. Þetta sé gert til þess eins að atkvæði gamalla manna og kvenna í Alþýðuflokknum séu ónýtt, en blaðið lofar því að einhver ráð skuli finnast til þess að ónýta svona klæki.¹⁴⁰

Tíðarfar janúarmánuðar 1934 var lengst af hlýtt en óstöðugt og umhleyppingasamt.¹⁴¹ Kosningadaginn 20 janúar gekk lægð yfir landið með vonskuveðri og olli m.a. skaða á bryggjum á Ísafirði. Segja má að úrslit kosninganna hafi borið svipmót af veðurfarinu. Þegar þau lágu fyrir var ljóst að erfiðleikar voru framundan. Öruggur meirihluti Alþýðuflokksins var fallinn. Þegar öll atkvæði höfðu verið talin var ljóst að Alþýðuflokkurinn hafði tapað verulegu fylgi fékk 561 atkvæði og 4 fulltrúa kjörna en hafði fjórum árum áður fengið 620 atkvæði en samt hafði fjölgað um rúmlega 100 kjósendur. Sjálfstæðisflokkurinn fékk 498 atkvæði og einnig 4 fulltrúa og Kommúnistar 117 atkvæði og einn fulltrúa.¹⁴² Kommúnistar höfðu boðið fram í Alþingiskosningum sem fram fóru árið áður og aðeins fengið 54 atkvæði þannig að þeir máttu vel við úrslitin una.¹⁴³

Eins og áður hefur verið greint frá var það ekki til umræðu að Ingólfur Jónsson mundi áfram gegna embætti bæjarstjóra. Ljóst var að sætu kommúnistar hjá við atkvæðagreiðslur eða kysu mann úr sínum röðum kæmi til þess að varpa þyrfti hlutkesti milli Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks. Tveimur dögum fyrir bæjarstjórnarfund sem ákveðinn var fimmtudaginn 25 janúar skrifar oddviti Alþýðuflokksins Finnur Jónsson Ísafjarðardeild Kommúnistaflokks Íslands bréf þar sem áréttað er hvaða afleiðingar það kunni að hafa fyrir kommúnista að kjósa ekki Jens Hólmgeirsson sem væri sá umsækjandi

¹³⁹ *Skutull*, 12. janúar 1934.

¹⁴⁰ *Skutull*, 19. janúar 1934.

¹⁴¹ *Veðráttan*, janúar 1934.

¹⁴² Hagstofa Íslands: *Kosningaskýrslur. I bindi, bls 340.*

¹⁴³ Hagstofa Íslands: *Kosningaskýrslur. I bindi, bls 330.*

sem Alþýðuflokkurinn styddi í bæjarstjórarstarfið því að kysu kommúnistar annan eða sætu hjá „ræður hlutkesti því, hvort Jón Auðunn verður bæjarstjóri. Yrði hann þá sjálfkjörinn formaður skattanefndar og niðurrjöfnunarnefndar næstu fjögur ár, og yrði þá ekki hlífst við að taka útssvörin af verkalýðnum í bænum og léttu sköttum af hátekjumönnum.“¹⁴⁴

Verklýðsblaðið fjallaði um úrslitin á Ísafirði og í Reykjavík og taldi að um væri að ræða glæsilegan sigur í baráttunni gegn tækifærisstefnunni. „Kosningaúrslitin opna Kommúnistaflokknum ný viðhorf og nýja möguleika í stéttabaráttunni. Fyrir stéttabaráttu verkalýðsins í Reykjavík, hefur það ómetanlega þýðingu að eiga fulltrúa í bæjarstjórninni. Og á Ísafirði er fulltrúi flokksins félagi Eggert Þorbjarnarson, oddamaður í bæjarstjórn. Það gefur okkur hina best möguleika til að afhjúpa blekkingar kratabroddanna og fylkja verkalýðnum til sigursællar baráttu gegn bæjarstjórn burgeisastéttarinnar á Ísafirði.“¹⁴⁵ Að sama skapi var ekki mikil gleði í herbúðum Alþýðuflokksins eftir að hafa tapað meirihlutanum. Spennan fyrir bæjarstjórnarfundinn sem ákveðið var að halda fimmtudaginn 25. janúar var því mikil. Fundurinn hófst kl. 7 og var haldinn í bíóhúsinu og ekki komust allir sem vildu fyrir þar og urðu þeir frá að hverfa.¹⁴⁶

Trúlegt er að Alþýðuflokksmenn hafi gert sér vonir um að Eggert Þorbjarnarson mundi veita þeim lið í kosningum a.m.k. til hinna mikilvægari nefnda og um bæjarstjóra. Hinsvegar brá svo við þegar kosnir voru embættismenn bæjarstjórnar að Eggert sat hjá svo að atkvæði féllu jöfn. Varð þá að grípa til þess að varpa hlutkesti svo úrslit fengjust og unnu Sjálfstæðismenn þá bæði forseta bæjarstjórnar og varaforseta. Við kosningu í nefndir sat Eggert hjá eða kaus sjálfan sig og varð þá aftur að láta hlutkesti ráða hvor flokkurinn fengi meirihluta í nefndum. Virtust alþýðuflokksmenn alveg heillum horfnir því sjálfstæðismenn unnu meirihluta í helstu nefndum.¹⁴⁷

Hafi kratarnir haft von um að kommúnistar kysu með þeim bæjarstjóra brást sú von þegar á fundinn var komið. Þar dró Eggert upp símskeyti frá Gunnari Benedikssyni sem verið hafði prestur í Saurbæ í Eyjafirði, en gerst erindreki kommúnista, þar sem hann sótti um bæjarstjóraembættið. Með atkvæðum Sjálfstæðismanna og Kommúnista fékkst umsóknin samþykkt og við atkvæðagreiðslu í fyrstu umferð kaus hver flokkur sinn fulltrúa.

¹⁴⁴ *Skutull*, 27. janúar 1934.

¹⁴⁵ *Verklýðsblaðið*, 23. janúar 1934.

¹⁴⁶ *Skutull*, 27. janúar 1934.

¹⁴⁷ *Ísafjarðarkaupstaður*. Fundargerðabók 1934.

Í annar umferð skilaði Eggert auðum seðli svo að hinir tveir fengu jafnmörg atkvæði og var þá varpað hlutkesti milli Jóns Auðunns og Jens Hólmgeirssonar og enn fór svo að sjálfstæðismenn höfðu betur, Jón Auðunn Jónsson var kjörinn bæjarstjóri.¹⁴⁸ Lánleysi kratann mátti heita algert og að sönnu undu þeir þessu hlutskipti sínu afar illa. Í blöðunum gengu briglslyrði á milli kommúnista og krata og kenndu hvorir öðrum um hvernig komið var en sjálfstæðismenn gátu að sönnu vel við unað í bili að minnsta kostið.

3.3 Brottrestur úr Baldri

Fimm dögum eftir bæjarstjórnarfundurinn, þar sem ljóst varð að Alþýðuflokkurinn hafði misst sterka söðu sína við stjórn Ísafjarðarkaupstaðar, dró til tíðinda á aðalfundi Verkalýðsfélagsins Baldurs. Fundargerðarbók Baldurs segir svo frá að við lok fundarinn hafi tveir félagar þeir Jóhannes Guðmundsson og Hjálmar Hafliðason lagt fram eftirfarandi tillögu „Fyrir illa og ómaklega framkomu bæði í ræðum og ritum um stjórnendur verkalýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði, berum við undirritaðir fram þá tillögu, að neðanskráðum kommúnistum sé vikið úr áðurnefndu félagi á aðalfundi þess í dag: Eyjólfur R. Árnasyni, Halldóri Ólafssyni frá Gjögri, Karitas Skarhédinsdóttur og Jóni Jónssyni klæðskera.“ Á fundinum kom einnig viðbótartillaga frá formanni félagsins Finni Jónssyni um að þeir brottviknu haldi vinnuréttindum þar til annað verði ákveðið. Þetta var síðan samþykkt með 116 atkvæðum gegn 42.¹⁴⁹

Blaðið *Verkamaðurinn* hefur aðra sögu að segja þar er greint frá brottvikningunni úr Baldri. Þar er sagt að það sé:

[V]egna þess að þau hafi barist harðvítuglega gegn svikapólitík F.J. & Co. og flett vægðarlaust ofan af þjónustulund þeirra við auðvaldið. ... [þetta] er ekkert annað en tilraun til að kljúfa félagið, og er alveg hliðstætt því þegar þýsku fasistarnir flæmdu róttæka verkamenn úr verkalýðsfélagunum þýsku, og rændu sjóðum þeirra. Þetta sannar öllum stéttvísnum verkalýð að kratabroddarnir eru ekkert annað en höfuðstoð auðvaldsins og nota öll meðul til að reka erindi þess innan verkalýðs-hreyfingarinnar.¹⁵⁰

¹⁴⁸ *Ísafjarðarkaupstaður*. Fundargerðabók 1934.

¹⁴⁹ *Verkalýðsfélag Vestfjarða*. Fundargerðabók Baldurs 1934.

¹⁵⁰ *Vekamaðurinn*, 13. febrúar 1934.

Brottrekstur fjórmenninganna hefur lengi verið umdeildur og víst er að sárindin yfir framkomu kratann voru mikil. Áratugum seinna hefur þessi atburður komið í umræðuna og verður þar séð að seinnt eða ekki hefur gróið um heilt á milli þeirra sem þar áttu hlut að máli og menn þá ekki verið á eitt sáttir um hverjar ástæðurnar fyrir brottrekstrinum voru. Þannig segir Hannibal Valdimarsson frá því í viðtali árið 1980 þegar hann ræðir um þessa tíma

Stundum var ofstækið svo mikið í kommúnistum þá, að það var bókstaflega ekki fundarfriður fyrir þeim. Ég tel mig ekki hafa verið ofstækisfullan gegn þeim, en ég varð þó að standa að því á Ísafirði að víkja nokkrum þeirra úr verkalýðsfélagi, vegna þess að þeir voru ekki fundahæfir. Þeir voru stéttvísir, það vantaði ekki. En allt var að þeirra dómi fullkomlega illt, sem jafnaðarmenn gerðu. Þeir stukku jafnvel upp á borð og bekki og orguðu.¹⁵¹

Þessum frásögnum Hannibals getur Guðmundur Bjarnason ekki látið ósvarað og í grein í *Þjóðviljanum* mótmælir hann óhróðri Hannibals gagnvart félögum sínum. Hann telur frásögnina um „óp og org“ tilhæfu lausa með öllu. Umræddir félagar haf þvert á móti verið dagfarsprútt fólk og ekki líklegt til ófriðar á fundum. Ástæðan fyrir brottrekstrinum hafi verið, pólitísk hefnarráðstöfun. Kratarnir misstu meirihlutann í kosningum 1934 og kenndu kommúnistum um. „Reyndar er varla von til að Hannibal viðurkenni þetta og er honum ef til vill nokkur vorkunn með það“¹⁵²

Þegar Kristín Jónsdóttir dóttir Jóns skraddara rifjar um barndómsár sín á Ísafirði talar hún um stjórnmalahörkuna fyrir vestan.

Já, pólitíkin á Ísafirði var oft afar beisk, svo beisk að maður reynir að gleyma henni. Það var eins og er ennþá, sá sem hefur ríka réttlætiskennd og lætur hana í ljósi, verður að líða fyrir hana og auðvitað fjölskyldan með. Sumir mergsjúga aðra til að hafa það gott sjálfir og alltof margir vilja fleyta rjómann, þegar sá fórnfúsi er búinn að berjast, í stað þess að styðja við bak hans. Faðir minn varð fyrir barðinu á þessu. Hann var rekinn úr verkalýðsfélaginu fyrir að gera athugasemdir við fjármál þess.¹⁵³

¹⁵¹ *Kirkjuritið* 1980, bls. 46-47.

¹⁵² „Óhróðri Hannibals mótmælt“, *Þjóðviljinn*. 26. apríl 1980.

¹⁵³ „Já, pólitíkin á Ísafirði var oft afar beisk“, *Morgunblaðið* 28. mars 1999.

Síðan gerir hún grein fyrir rekstri samvinnufélags Ísfirðinga og telur að framkvæmdastjórinn Finnur Jónsson hafi tryggt sinn persónulega fjárhag með því að gerast sjálfur umboðsmaður olíufélagsins B.P og um það hafi gagnrýnin sem leiddi til brottreksturs úr félaginu snúist.

Árið 1976-1978 kom út á Ísafirði tímaritið *Hljóðabunga* sem birti viðtal Guðjóns Friðrikssonar við Jón skraddara í einum þremur hlutum. Þar sagði Jón hispurslaust frá stjórn málaátökum á Ísafirði á fyrri hluta aldarinnar og brottrekstri sínum úr Baldri. Ummæli Jóns um Finn Jónsson urðu svo til þess að menningarráð Ísafjarðar, sem styrkt hafði útgáfu tímaritsins, sá tilefni til þess að bóka á fundi sínum að útgáfa tímaris um menningar og þjóðfélagsmál þar sem ólík sjónarmið kæmu fram ætti fullan rétt á sér en hinsvegar harmaði ráðið „að slík rit skuli vera vettvangur ærumeiðandi ummæla um látinn forystumann bæjarfélagsins, sem Ísfirðingar almennt bera hlýjan hug til, vegna margháttaðra starfa í þágu bæjarbúa um áratugaskeið.“¹⁵⁴

Þannig er ljóst að það uppgjör sem fram fór á fundi í verkalýðsfélaginu Baldri og átti sér stað milli kommúnista og krata fáeinum dögum eftir að þeir síðarnefndu töpuð meirihluta sínum sat lengi í mönnum og náði jafnvel út yfir gröf og dauða.

3.4 Aftur kosið 1935

Að Alþýðuflokknum skildi takast að knýja fram bæjarstjórnarkosningar árið 1935, þremur árum áður en kjörtímabilinu átti að ljúka er einstakt. Það hvernig farið var að ber merki um þrautseigju og pólitískan refskað. Ævisöguritari Hannibals Valdimarssonar Þór Indriðason er furðu hreinskilinn þegar hann fjallar um þetta uppgjör í bók sem kom út árið 1990 en þar segir þegar fjallað er um brottreksturinn úr Baldri og úrslit bæjarstjórnarkosninganna að „Alþýðuflokkurinn hafði nú fullbargað kommúnistum fyrir frammistöðuna á bæjarstjórnarfundinum fyrsta og gat því hafið hernað sinn á hendur bæjarstjórnarhaldinu og Jóni Auðunni.“¹⁵⁵ Og þess var skammt að bíða.

Strax á öðrum fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 7. febrúar urðu deilur milli bæjarfulltrúa um ráðningu Jóns Fannbergs sem vera átti aðstoðarmaður Jóns Auðunns á bæjarskrifstofunni. Alþýðuflokksmenn töldu ráðninguna ólögmeta og lögðu fram tillögu

¹⁵⁴ *Ísafjarðarkaupstaður*. Fundargerðir Menningarráðs

¹⁵⁵ Þór Indriðason: *Hannibal Valdimarsson og samtíð hans*, bls. 196.

þar sem bæjarstjóra var bannað að greiða Jóni Fannberg laun þar sem fjárhagsáætlun gerði ekki ráð fyrir slíku.¹⁵⁶ Tillagan fékkst samþykkt með atkvæði kommúnista, en þar var mættur sem varafulltrúi Halldór Ólafsson sem reyndar átti eftir að sitja flesta bæjarstjórnarfundi það eina ár sem þetta kjörtímabil náði yfir, enda var Eggert Þorbjarnarson þá á leið til Moskvu í annað sinn, þar sem hann starfaði árin 1934-1937.¹⁵⁷

Á ýmsu gekk næstu mánuði og má segja að kratar hafi gert allt sem þeir gátu til að gera bæjarstjóranum erfitt fyrir og ekki bætti úr skák þegar bæjarstjórinn birti skýrslu í aprílmánuð um viðskilnað Alþýðuflokksins og gerði þar grein fyrir miklum hallarekstri bæjarsjóðs og vægast sagt vafasamri meðferð þeirra á fjármunum bæjarfélagsins. Hallarekstur Seljalandsbúsins væri greiddur af bæjarsjóði og meðferð bæjarstjórnar á ýmsum sérsjóðum væri ámælisverð auk þess sem ekkert handbært fé væri til staðar.¹⁵⁸ Deilur bæjarstjóra og Alþýðuflokksmanna stóðu látlaust fyrri hluta ársins, með bókunum á fundum, svæsum blaðagreinum og kærnum til ráðherra. Þegar svo Jón Auðunn Jónsson náði kjöri í Norður-Ísafjararsýslu í alþingiskosningunum sem fram fóru 24 júní 1934 og vann þar með aftur kjördæmið sem Vilmundur Jónsson hafði unnið árið áður, varð það aðeins til að herða baráttuna gegn bæjarstjóranum.¹⁵⁹

Á bæjarstjórnarfundi sem haldinn var 4. júlí var borinn upp og samþykkt, með atkvæði Halldórs Ólafssonar, eftirfarandi vantrauststillaga á bæjarstjóra.

Bæjarstjórn samþykkir að senda atvinnumálaráðherra eftirfarandi ályktun: Bæjarstjórinn á Ísafirði hefir í embættisstarfi sínu komið fram gegn hagsmunamálum verkalyðsins með því, meðal annars, að draga í vetur að taka tillöguna um 8 stunda vinnudag á dagskrá, berjast á móti kröfum um atvinnubætur, vanrækja um lengri tíma, að framkvæma samþykkt bæjarstjórnar um að hefja bæjarvinnuna, neyta þurfamönnum um styrk o.s.frv. Einnig hefur hann á fundum bæjarstjórnar upplýst, að hann hafi tekið að sér launað aukastarf, sem er formennska í Fisksölusamlagi Vestfjarða. Hefur hann því þar með brotið það erindisbréf, sem atvinnumálaráðherra hefur úrskurðað að gildi fyrir hann sem bæjarstjóra. Þá hefur bæjarstjórinn gert sig

¹⁵⁶ *Ísafjarðarkaupstaður*. Fundargerðabók 1934.

¹⁵⁷ Þór Whitehead: *Sovét – Íslands. Óskalandið*, bls 132.

¹⁵⁸ *Ísafjarðarkaupstaður*. Fundargerðabók 1934.

¹⁵⁹ Hagstofa Íslands: *Kosningaskýrslur. I bindi*.

sekan um að birta í blaðinu Vesturlandi 13. apríl s.l. ranga og villandi skýrslu um hag og afkomu bæjarins, og má telja að hún getir stórspillt álit og trausti Ísafjarðar út á við, þar eð hún er gerð í embættisnafni. Með því að bæjarstjóri, Jón A Jónsson, þannig hefur unnið gegn hagsmunamálum bæjarfélagsins, skorar bæjarstjórnin á atvinnumálaráðherra að leysa hann þegar frá störfum.¹⁶⁰

Ekki treysti atvinnumálaráðherrann, sem var Þorsteinn Briem og átti þá skamman tíma eftir í störfum sem ráðherra, sér til að ganga í málið eins og um var beðið. En þess var skammt að bíða að aðstæður breyttust svo að vænta mætti stuðnings landstjórnarinnar við að leysa stjórnurvandann sem Ísafjarðarbæjar átti við að búa að álit Alþýðuflokksins. Þann 28. júlí 1934 myndaði Hermann Jónasson sitt fyrsta ráðuneyti sem var samstjórn Framsóknar og Alþýðuflokks og Ísfirðingurinn Haraldur Guðmundsson varð ráðherra fyrstur Alþýðuflokksmanna.¹⁶¹ Þegar þing átti að koma saman í októbermánuði sáu kratar fram á nýjan leik í baráttuni um að koma bæjarstjóranum frá störfum en það var að neita honum um þingfararleyfi.

Á bæjarstjórnarfundum í lok september lagði bæjarstjóri fram svohljóðandi bókun „Þar sem bæjarstjórnin hefur synjað mér um þingfararleyfi með því að neita að samþykkja setningu bæjarstjóra í minn stað í fjarveru minni, á Alþingi, eins og ég hef farið fram á, og heldur ekki bent á annan mann til að rækja starfið á mína ábyrgð, neyðist ég til með að segja starfinu lausu frá 1. október næstkomandi. Fulltrúi minn, Jón J Fannberg, mun afhenda löglega kosnum eða settum bæjarstjóra, skjöl þau og bækur sem bæjarstjóraembættinu fylgja.“¹⁶² *Skutull* blað kratanna hefur sínar skýringar á því hvers vegna í óefni er komið:

Hann gat ekki farið frá embætti sínu í reiðileysi án samþykkis bæjarstjórnarinnar og var því gripið til örþrifaráða. Sjálfstæðisbæjarstjórinn ýmist fór sjálfur eða lét fara til margra alþýðuflokksmanna, og bað þá að gegna fyrir sig bæjarstjóraembættinu, meðan hann væri á þingi. – Vonaðist hann eftir, að fulltrúar Alþýðuflokksins litu öðruvísi á málið, ef þeirra flokksbroðir væri á boðstólum í stað Fannbergs. Þetta strandaði auðvitað á því, að enginn alþýðuflokksmaður vildi láta hafa sig í það

¹⁶⁰ *Ísafjarðarkaupstaður*. Fundargerðabók 1934.

¹⁶¹ *Ríkishandbók Íslands 1986*, bls. 27.

¹⁶² *Ísafjarðarkaupstaður*. Fundargerðabók 1934.

skítverk að ganga í kröfs [!] Jóns Auðuns til þess eins að leysa hann úr sjalfskapaðri klípu, sem íhaldið í bæjarstjórn þurfti að fá leysta með einhverjum ráðum á viðunandi hátt fyrir sig. Svo langt mun jafnvel hafa verið gengið að bjóða að fulltrúa kommúnista embættið eða einhverjum sem Kommúnistaflokkurinn tilnefndi. En það tóks heldur ekki.¹⁶³

Skömmu eftir að Alþingi hófst í október lagði svo Finnur Jónsson fram frumvarp til breytinga á lögum frá 1929 um kosningar í málefnum sveitarfélaga. Tillögubreytingin hljóðaði um það ef að bæjarstjórn næði ekki samkomulagi um kosningu bæjarstjóra væri atvinnumálaráðherra heimilað að láta fara fram bæjarstjórnarkosningar sem væru þá fyrir þann tíma sem eftir væri af kjörtímabilinu. Miklar umræður fóru fram um frumvarpið þar sem mest bar annarvegjar á harðri gagnrýni Sjálfstæðismanna og hinu að Framsóknarmenn sem á endanum studdu frumvarpið létu Alþýðuflokksmönnum einum eftir að verja það.

Þingmenn Sjálfstæðisflokks bentu á að það væri þingmaður Ísfirðinga sem flytti frumvarpið enda væri þetta vandamál hvergi uppi nema þar og e.t.v. væri það svo að alveg sérstaka löggjöf þyrfti fyrir Ísafjörð á fleirri sviðum miðað við hvernig ástandið þar væri. Einnig benntu þeir á að enginn trygging væri fyrir því að nýjar kosningar breyttu valdahlutföllunum og spurði hvað ætti þá að gera. Á bæjarstjórnarfundi kom fram að Halldór Ólafsson var því ekki samþykktur að kosið væri aftur, þannig að innan Bæjarstjórnar Ísafjarðar var ekki meirihluti fyrir því að óska eftir nýjum kosningum.¹⁶⁴ Þingmenn Sjálfstæðisflokksins reyndu að fá samþykktu tillögu um að samþykki bæjarstjórnar þyrfti til að kosið yrði en sú breytingartillaga var felld.¹⁶⁵ Að samþykktu tillögu um nýjar bæjarstjórnarkosningar í nóvember var svo ákveðið að þær færu fram þann 5. janúar 1935. Í þeim kosningum endurheimti Alþýðuflokkurinn meiri hluta sinn og fékk rúmum 100 atkvæðum meira en árið áður. Sjálfstæðisflokkurinn bætti lítilllega við sig en kommúnistar töpuðu 24 atkvæðum og þar með sínum eina fulltrúa. Þannig lauk eins árs kjörtímabili sem um margt á sér ekki hliðstæðu í sögu bæjarstjórnarmála á Íslandi.¹⁶⁶

Úrslit kosninganna 1935 voru kommúnistum áfall en þó reyndi *Verklyðsblaðið* að bera sig vel þegar það greind frá úrslitunum. Sagði að þrátt fyrir að hafa misst fulltrúann

¹⁶³ *Skutull*, 28. sept 1934.

¹⁶⁴ *Ísafjarðarkaupstaður*. Fundargerðabók 1934.

¹⁶⁵ *Alþingistíðindi* B 1935, bls. 1134.

¹⁶⁶ *Skutull*, 12. janúar 1935.

sem það fékk árið áður hefðu atkvæðin sem flokkurinn fékk verið fleiri en í alþingiskosningunum sumarið áður en blaðið bætti því svo við að „flokksdeildinni á Ísafirði hefði ekki tekist að reka samfylkingarpólítík flokksins nógu djarft og skýra hana samtímis nógu vel fyrir Alþýðuflokksverkalyðnum.“¹⁶⁷

¹⁶⁷ *Verklyðsblaðið*, 7. janúar 1935.

NIÐURSTÖÐUR

Það félagsstarf sem ísfirskir kommúnistar hófu árið 1930 ber það með sér að þeir reyndu í einu og öllu að fara eftir þeim starfslínunum sem fyrir þá voru lagðar. Þeir stofnuðu sellur, leshópa, nefndir og ungliðahópa eins og fyrir þá var lagt. En hópurinn sem starfaði var fámennur og erfiðlega gekk að fara eftir þeim leiðbeiningum sem gefnar voru. Starfið átti að miðast við það að tekist væri á við auðvaldið, þá efnameiri. Á fjórða áratugnum voru engin stórfyrirtæki á Ísafirði eins og verið höfðu á áratugunum í kringum aldamótin. Þannig voru það samvinnufyrirtæki undir stjórn alþýðuflokksmanna, sum hver ekki mjög öflug fjárhagslega, sem helst urðu fyrir ádeilu kommúnista um að starfa eins og fyrirtæki auðvaldsins.¹⁶⁸

Sé horft til þeirrar skiptingar sem nefnd er í inngangi ritgerðarinnar um það hverjir gengu til liðs við kommúnistahreyfinguna bar mest á ungum körlum á þrítugsaldri sem margir áttu það sameiginlegt að hafa flutt úr sveit og til Ísafjarðar. Auk þess voru í hópnum bæjarstjórarahjónin og fáein hjón önnur. Ingólfur bæjarstjóri hafði verið einn helsti samverkamaður Ólafs Friðrikssonar á upphafsárum *Alþýðublaðsins* og orðið fyrir vonbrigðum þegar andleg veikindi Ólafs ágerðust eins og áður hefur komið fram. Af þeim sem verið höfðu í forystu fyrir Alþýðuflokkinn á þriðja áratugnum er svo að sjá að enginn hafi gengið til liðs við kommúnistana. Vonin var hins vegar sú að þegar til klofningsins kæmi mundu einhverjir þeirra ganga til liðs við kommúnista og töldu líklegt að Vilmundur Jónsson yrði einn þeirra.¹⁶⁹

Úrslit bæjarstjórnarkosninganna 1934, þegar kommúnistar komust í oddaðstöðu við stjórn bæjarmála á Ísafirði, kom ekki að nokkru gagni til að skapa flokknum sterkari stöðu. Kröfur þær sem kommúnistar settu fram til samstarfs við Alþýðuflokkinn voru þannig að engin leið var til að þær yrðu samþykktar og þó að þeir segðust andsnúnir nýjum kosningum árið eftir nýttu þeir ekki þau tækifæri sem voru til að koma í veg fyrir þær.

¹⁶⁸ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1886/417. Bréf Eyjólfis Árnasonar til Halldórs Ólafssonar.

¹⁶⁹ Gögn Þorsteins Péturssonar (Göpp) í vörslu Þórs Whiteheads. Bréf Steinþórs Steinssonar til félaga í Reykjavík.

Að afloknum bæjarstjórnarkosningum 1935 fór margt að breytast hjá kommúnistum og nýir tímar fóru í hönd. Kommúnistar tóku upp samfylkingarstefnu 1935 og létu af ofsafenginni verkfallsstefnu sinni og samkomulag þeirra við jafnaðarmenn í verkalýðsfélögunum fór batnandi.¹⁷⁰ Eftir þetta er svo að sjá að ísfirskum kommúnistum hafi gengið verr í baráttunni. Þeir höfðu háð harða og óvægna baráttu við Alþýðuflokkinn í bæjarmálum og meðal verkalýðsins og reynt að sýna fyllstu hörku eins og þeir töldu að flokkslína Komintern legði fyrir þá. En nú átti að breyta um stefnu og samstarf við Alþýðuflokkinn gat sem best komið til greina. Það hafði tekið kommúnistana á Ísafirði rúmlega eitt ár að komast yfir það áfall sem þeir urðu fyrir þegar Ingólfur bæjarstjóri var rekinn úr flokknum. Var sá brottrekstur þá ef til vill ástæðulaus?

Eftir þeim bréfum og fundargerðabókum sem tiltæk eru er svo að sjá að mjög hafi dregið úr starfseminni og hún að mestu lagst af þegar kom fram á árið 1935. Í Alþingiskosningum sem fram fóru árið 1937 var ekki frambjóðandi á vegum kommúnista á Ísafirði heldur einungis borinn fram landlisti og fékk hann aðeins 18 atkvæði.¹⁷¹ Margir samverkandi þættir urðu til þess að þannig fór. Bæjarstjóri Ingólfur og Ingibjörg fluttu brott 1934, enda átti Ingólfur ekki kost á að gegna bæjarstjórastarfinu áfram eftir kosningarnar. Halldór Ólafsson hraktist frá Ísafirði skömmu síðar, gerðist meðal annars vinnumaður í Ölfusi og flutti svo ekki aftur til Ísafjarðar fyrr en 1943.¹⁷² Í bréfi til vinar síns Jóns skraddara 1937 skrifar hann „[Þ]að er eins og maður geti hvergi fengið að þræla fyrir sér og ekki býst ég við að mikla þýðingu hafi fyrir mig að koma heim, þar eru sjálfsagt nógir um þau fáu handtök sem eru, og svo eru svelttilraunirnar sjálfsagt ennþá í fullu gildi ... Já það er í sannleika sagt helvíti hart að geta ekki verið heima.“¹⁷³ Halldór hafði eins og þrír félagar aðrir mátt þola brottrekstur úr verkalýðsfélaginu sem leiddi til erfiðleika við atvinnuöflun, jafnvel þó svo að á fundinum sem brottreksturinn fór fram hafi verið flutt tillaga um að vinnuréttindin væru ekki tekin af að svo stöddu.¹⁷⁴ Hjónin Ríkey Ingimundardóttir og Sæmundur Guðmundsson máttu árið 1933 þola nauðungarflutning í heimasveit sína á Ströndum eins og áður hefur verið grein frá. Ljóst er að óbilgírni Alþýðuflokksmanna gagnvart Kommúnistum hefur verið mikil, og þau völd sem

¹⁷⁰ Þór Whitehead: *Sovét – Ísland. Óskalandið*, bls. 315.

¹⁷¹ Hagstofa Íslands: *Kosningaskýrslur*, bls.406.

¹⁷² „Í minningu félaga“, *Þjóðviljinn* 13. nóvember 1975.

¹⁷³ „Í minningu félaga“, *Þjóðviljinn* 13. nóvember 1975.

¹⁷⁴ *Verkalýðsfélag Vestfjarða*. Fundargerðabók Baldurs 1934.

Alþýðuflokkurinn hafði innan verkalýðsfélags, bæjarstjórnar og samvinnufélaga, sem þeir stjórnðu, voru notuð til að klekkja á kommúnistum.

Úr stafseminni dró einnig vegna þess að margt ungt fólk leitaði burt frá Ísafirði á þessum tíma, bæði til náms og starfa. Þannig var því varið með Eggert Þorbjarnarson sem kjörinn var bæjarfulltrúi 1934 og sat aðeins tvo bæjarstjórnarfundi.¹⁷⁵ Hann dvaldi í Moskvu 1934-1937 á ógnarskeiðinu mikla¹⁷⁶ og var ekki búsettur á Ísafirði eftir að hann kom heim og það sama var að segja um Gísla Indriðason eftir að hann hafði dvalið í Moskvu. Þessu til viðbótar yfirgáfu kommúnista og gengu til liðs við Alþýðuflokkinn tryggir félagar og má þar nefna fyrsta formann Kommúnistaflokks Ísafjarðar Ragnar Guðjónsson, Sverri Guðmundsson sem verið hafði formaður Félags ungra jafnaðarmanna sem síðar varð Félag ungra kommúnista og Helga Hannesson sem varð seinna forseti Alþýðusambands Íslands.

Í húsi einu á Ísafirði var þó ekki gefist upp við að bíða eftir farsældarríki kommúnismanns, en það var að Fjarðarstræti 29, þar sem hjónin Karlinna og Jón klæðskeri bjuggu. Matthías Bjarnason fyrrum ráðherra rifjar upp kynni af vini sínum Jóni í ævisögu sinni. Segir hann Jón hafa verið manna skemmtilegastan og til dauðadags ekki efast um ágæti kommúnismanns. Þegar Matthías vildi ræða um erfiðleika Sovétríkjanna eftir fall Stalíns klappaði Jón á bakið á honum og sagði: „Vertu ekki svona bráðlátur vinur minn. Það tekur minnst 400 ár að skapa fullkominn kommúnisma. Vertu bara rólegur.“¹⁷⁷

¹⁷⁵ *Ísafjarðarkaupstaður*. Fundargerðabók 1934.

¹⁷⁶ Þór Whitehead: *Sovét – Íslands. Óskalandið*, bls 131-132.

¹⁷⁷ Örnólfur Árnason: *Járnkarlinn*, bls. 91.

HEIMILDIR

Óprentaðar heimildir

Gögn frá Sambandi ungra kommúnista úr fórum Þorsteins Péturssonar (GPP) í vörslu Þórs Whiteheads, Reykjavík.

Ísafjarðarkaupstaður. Fundargerðir bæjarstjórnar og Menningarráðs

Héraðsskjalasafnið á Ísafirði. 1865/415 og 1886/417. Ýmis gögn úr fórum Halldórs Ólafssonar frá Gjögri.

Verkalýðsfélag Vestfjarða. Fundargerðabók Baldurs 1934.

Prentuð rit

Alþingistíðindi B 1935.

Arnór Hannibalsson: *Moskvulínan. Kommúnistaflokkur Íslands og Komintern Halldór Laxness og Sovétríkin*. Rvk. 1999.

Brynjólfur Bjarnason: *Pólitísk ævisaga*. Viðtöl Einars Ólafssonar ásamt inngangi. Rvk. 1989.

Einar Olgeirsson: *Kraftaverk einnar kynslóðar*. Jón Guðnason skráði, Rvk. 1983.

Guðjón Friðriksson: *Dómsmálaráðherrann. Saga Jónasar Jónssonar frá Hriflu*. Rvk.1992.

Hagstofa Íslands: *Kosningaskýrslur. I bindi 1874-1946*. Rvk. 1988.

Hannes H. Gissurarson: *Benjamín H.J. Eiríksson í stormum sinna tíða*. Rvk. 1996.

Hannes H. Gissurarson: *Íslenskir kommúnistar 1918-1988*. Rvk. 2011

Haraldur Jóhannsson: „Nyrðra, syðra og vestra“, *Þá rauður loginn brann*. Rvk. 1991.

Henrik Ottósson: *Frá Hlíðarhúsum til Bjarmalands*. Rvk. 1979.

Jóhann Gunnar Ólafsson: *Bæjarstjón Ísafjarðarkaupstaðar 100 ára 1866-1966*, Ísafirði 1966.

Jón Ólafsson: *Kæru félagar. Íslenskir sósíalistar og Sovétríkin 1920-1960*. Rvk. 1999.

Jón Rafnsson: *Vor í verum. Af vettvangi stéttabaráttunnar á Íslandi*, Rvk. 1957.

Jón Þ. Þór: *Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna. IV bindi*. Ísafirði 1990.

Karitas Skarphéðinsdóttir Neff: „Karitas Skarphéðinsdóttir frá Aðey í Ísafjarðardjúpi“ *Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 2010*.

Ragnheiður Kristjánsdóttir: *Nýtt fólk. Þjóðerni og íslensk verkalýðsstjórnsmál 1901-1944*. Rvk. 2008.

Sigurður Pétursson: *Vindur í seglum. Saga verkalýðshreyfingar á Vestfjörðum 1. Bindi 1890-1930*. Ísafirði 2011.

Snorri G. Bergsson: *Roðinn í austri*. Rvk, 2011.

Sólveig Kristín Einarsdóttir: *Hugsjónaeldur: Minningar um Einar Olgeirsson*. Rvk. 2005.

Svanur Kristjánsson: „Kommúnistahreyfingin á Íslandi“, *Saga*. Rvk.1984.

Þorsteinn Matthíasson: „Vökumaður Jón Jónsson klæðskeri“ *Í dagsins önn II*. Rvk. 1979.

Þór Indriðason: *Hannibal Valdimarsson og samtíð hans*. Rvk. 1990.

Þór Whitehead: *Kommúnistahreyfingin á Íslandi 1921-1934*. Rvk.1979.

Þór Whitehead: *Sovét – Íslands. Óskalandið*. Aðdragandi byltingar sem aldrei varð. Rvk. 2010.

Örnólfur Árnason: *Járnkarlinn Matthías Bjarnason ræðir um störf sín og viðhorf*. Rvk. 1993.

Dagblöð og tímarit

Alþýðublaðið. Rvk. 1932-1983.

Dagur verkalýðsins. Rvk. 1930.

Kirkjuritið. Rvk.1980.

Morgunblaðið. Rvk. 1930-2003.

Nýja konan. Rvk. 1933.

Réttur. Rvk.1932-1973.

Skutull. Ísafirði 1927-1935.

Spegillinn. Rvk. 1930.

Veðráttan. Rvk. 1934.

Verkamaðurinn. Akureyri. 1934.

Verklýðsblaðið. Rvk. 1930-1935.

Vísir. Rvk. 1963.

Þjóðviljinn. Rvk. 1965-1987.

Skammstafanir

ASÍ: Alþýðusamband Íslands

ASV: Alþjóðasamhjálp verkalýðsins

FUJ: Félag ungra jafnaðarmanna

FUK: Félag ungra kommúnista

KFÍ: Kommúnistafélag Ísafjarðar

Komintern: Alþjóðasamband kommúnista

SUJ: Samband ungra jafnaðarmanna

SUK: Samband ungra kommúnista

Viðauki A – Skýrsla yfir tölu félaga í FUK¹⁷⁸

Skýrsla yfir tölu félaga í FUK við árslok 1930.

Nöfn	Atvinna	Aldur
Helgi Hannesson	Nemandi	24 ára
Ragnar G. Guðjónsson	Verkamaður	20 ára
Oddur Oddsson	Verkamaður	17 ára
Halldór Ólafsson	Verkamaður	28 ára
Ólafur S. Hannesson	Nemandi	13 ára
Eyjólfur Árnason	Nemandi	20 ára
Ingim. Steinsson	Verkamaður	20 ára
Sigurb. Steinsson	Verkamaður	17 ára
Ólafur Markússon	Nemandi	17 ára
Jón Maríasson	Verkamaður	17 ára
Sigríður Kjartansd.	Nemandi	14 ára
Ingólfur Geirdal	Nemandi	14 ára
Margeir Guðm.	Verkamaður	15 ára
Gísli Indriðason	Verkamaður	26 ára
Steinþór Steinsson	Verkamaður	24 ára
Einar Jónasson	Verkamaður	18 ára
Björn Guðm.	Sjómaður	20 ára
Aðalheiður Magnúsd.		15 ára
Svanberg Sveinsson	Málari	23 ára
Petrina Magnúsd.	Frú	21 ára
Ívar Jónsson	Verkamaður	22 ára
Þorsteinn Magnússon	Sjómaður	17 ára
Helga Guðm.d		17 ára
Runólfína Guðmundsdóttir		17 ára
Sveinbj. Halldórsson	Verkamaður	26 ára
Guðrún Einarsdóttir	Kona	24 ára
Bergs. Bergsveinsson	Járnsn.n.	24 ára
Guðm. G. Guðmundss.	Verkamaður	18 ára
Andrés Magnússon	Nemi	14 ára
Guðm. Bjarnason	Verkamaður	15 ára
Þórunn Valdimarsdóttir		16 ára
Steinar Steinsson	Smiður	25 ára
Otto Steinsson	Verkamaður	26 ára
Ólafur Nikulásson	Verkamaður	24 ára
Gunnar Kristjánsson	Verkamaður	24 ára

¹⁷⁸ Héraðsskjalasafnið á Ísafirði. 1886/417. Skýrsla Félags ungra kommúnista.

Viðauki B – Spurningar kommúnistamiðstjórnarinnar í Reykjavík¹⁷⁹

Spurningar kommúnistamiðstjórnarinnar í Reykjavík og svör sellu í bæjarvinnu frá 23. september 1930.

	Spurning	Svar
1	Hvað eru margir félagsbundnir verkamenn á vinnustaðnum?	Allir
2	Hvað hefur verið gert til þess að fá þá sem utan við samtökin standa til þess að ganga í verkalýðsfélögin?	Sjá 2 fundargerð þessara sellu. ¹⁸⁰
3	Um hvað er helst talað á vinnustaðnum?	Aðallega rætt um ómerkileg dægurmál verkamannanna sjálfra og einstaka sinnum um pólitík.
4	Hverjar eru pólitískar skoðanir verkamannanna?	Flestir sósíaldemókratar eða eitthvað enn þá verra. Tveir hallast á okkar sveif, þeir Ingimundur Steinsson og Kristján Halldórs.
5	Hvernig er vinnutilhögunin?	Sæmileg. Ekkert rekið eftir og fá verkamennirnir að ráða sér mikið sjálfir.
6	Með hvað eru verkamennirnir óánægðir?	Eru helst óánægðir ef hætta þarf vinnu vegna óveðurs, og er ástræðan sú, að þá fá þeir ekkert kaup.
7	Hvernig eru verkstjórnarnir liðnir?	Ágætlega.
8	Hvaða verkamenn er hægt að fá til þess að standa í brjefaskriftum við verkalýðblöðin og skrifa í þau?	Enga nema sellufélagana.
9	Hvað eru margir áskrifendur að Verklýðsblaðinu og Skutli og hvað hefur verið gert til þess að fá nýja?	Verklýðsblaðið kaupa fimm og Skutul kaupa ¹⁸¹ og hefir allt gert sem hægt hefir verið til þess að útbreiða Verkal.bl.
10	Hvað hefir verið lögð mest áhersla á í agitstioninni?	Mest áhersla lögð á fagsambandsmálið.
11	Hvað hefur verið gert til að agitera fyrir eftirfarandi atriðum:	
a	Krossanesverkfallinu?	Safnað fyrir verkfallsmennina.
b	Stofnun óháðs verkalýðssambands?	Talað um nauðsyn þess og reynt að útskýra fyrir þeim nauðsyn þess.
c	Nauðsyn á stofnun Kommúnistaflokks?	Ekki fært að taka það ásamt hinu.

¹⁷⁹ *Héraðsskjalasafnið á Ísafirði*, 1865/415. Fundargerðabók sellu í bæjarvinnu.

¹⁸⁰ Þar er skýrt frá því að nokkurir félagar á vinnustaðnum hafi tekið sig saman og neitað að vinna ef tveir tilgreindir menn gangi ekki í verkalýðsfélagið. Vinnustöðvun sem stóð einn eftirmiðdag dugði til að þeir tveir gengu í félagið.

¹⁸¹ Fallið hefur niður að færa inn tölu áskrifenda *Skutuls*.

Viðauki C – Kosningaúrslit í bæjarstjórnarkosningum á Ísafirði 1930-1950¹⁸²

1930	Fjöldi atkvæða	Kjörnir fulltrúar	Hlutfall atkvæða	Kosningapáttaka
Sjálfstæðisflokkur	381	4	36,10%	
Alþýðuflokkur	620	6	58,80%	
Framsóknarflokkur	50		4,70%	
Auðir seðlar	0		0,00%	
Ógildir seðlar	4		0,40%	
Samtals	1055			
Á kjörskrá	1221			86,40%

1934	Fjöldi atkvæða	Kjörnir fulltrúar	Hlutfall atkvæða	Kosningapáttaka
Sjálfstæðisflokkur	498	4	41,90%	
Alþýðuflokkur	561	4	47,20%	
Kommúnistar	117	1	9,80%	
Auðir seðlar	8		0,70%	
Ógildir seðlar	4		0,30%	
Samtals	1188			
Á kjörskrá	1348			88,13%

1935	Fjöldi atkvæða	Kjörnir fulltrúar	Hlutfall atkvæða	Kosningapáttaka
Sjálfstæðisflokkur	503	4	39,80%	
Alþýðuflokkur	669	5	52,90%	
Kommúnistar	93		7,40%	
Auðir seðlar	0		0,00%	
Ógildir seðlar	0		0,00%	
Samtals	1265			

1938	Fjöldi atkvæða	Kjörnir fulltrúar	Hlutfall atkvæða	Kosningapáttaka
Sjálfstæðisflokkur	570	4	43,00%	
Alþýðufl. og kommúnistafll.	727	5	54,80%	
Auðir seðlar	19		1,40%	

¹⁸² Hagstofa Íslands: *Kosningaskýrslur. I bindi.*

Ógildir seðlar	10	0,80%	
Samtals	1326		
Á kjörskrá	1499		88,46%

1942	Fjöldi atkvæða	Kjörnir fulltrúar	Hlutfall atkvæða	Kosningaþáttaka
Sjálfstæðisflokkur	378	2	27,50%	
Alþýðuflokkur	714	5	51,90%	
Óháðir	257	2	18,70%	
Auðir seðlar	23		1,70%	
Ógildir seðlar	3		0,20%	
Samtals	1375			
Á kjörskrá	1528			89,99%

1946	Fjöldi atkvæða	Kjörnir fulltrúar	Hlutfall atkvæða	Kosningaþáttaka
Sjálfstæðisflokkur	534	4	36,20%	
Alþýðuflokkur	666	4	45,20%	
Sósíalístaflokkur	252	1	17,10%	
Auðir seðlar	16		1,10%	
Ógildir seðlar	6		0,40%	
Samtals	1474			
Á kjörskrá	1643			89,71%

1950	Fjöldi atkvæða	Kjörnir fulltrúar	Hlutfall atkvæða	Kosningaþáttaka
Sjálfstæðisflokkur	585	4	40,20%	
Alþýðuflokkur	690	4	47,40%	
Sósíalístaflokkur	147	1	10,10%	
Auðir og ógildir	34		2,30%	
Samtals	1456			
Á kjörskrá	1573			92,56%

Viðauki D – Kosningaúrslit bæjarstjórnarkosninga á Íslandi 1930 og 1934¹⁸³

1930	Sjálfstæðisfl.		Alþýðufll.		Framsóknarfl.		Aðrir		Auðir og óg.
Reykjavík	6033	53,2%	3897	34,3%	1357	12,0%	0,0%		58
Hafnarfjörður	636	44,4%	772	53,9%	0,0%		0,0%		24
Ísafjörður	381	36,1%	620	58,8%	50	4,7%	0,0%		4
Siglufjörður	181	24,6%	384	52,1%	164	22,3%	0,0%		8
Akureyri	620	40,4%	488	31,8%	400	26,1%	0,0%		25
Seyðisfjörður	180	40,0%	146	32,4%	98	21,8%	22	4,9%	4
Neskaupstaður	167	34,4%	220	45,4%	95	19,6%	0,0%		3
Vestmannaeyjar	831	57,2%	610	42,0%	0,0%		0,0%		12

1934	Sjálfstæðisfl.		Alþýðufll.		Framsóknarfl.		Kommúnist.		Auðir
Reykjavík	7043	49,1%	4675	32,6%	1015	7,1%	1147	8,0%	399
Hafnarfjörður	823	44,0%	990	52,9%	0,0%		39	2,1%	
Ísafjörður	498	41,9%	561	47,2%	0,0%		117	9,8%	
Siglufjörður	366	36,0%	204	20,1%	210	20,6%	224	22,0%	
Akureyri	765	38,9%	210	10,7%	377	19,2%	406	20,6%	154
Seyðisfjörður	203	40,4%	210	41,8%	34	6,8%	53	10,6%	
Neskaupstaður	87	21,4%	222	54,5%	68	16,7%	28	6,9%	
Vestmannaeyjar	808	52,1%	276	17,8%	0,0%		449	29,0%	

¹⁸³ Hagstofa Íslands: *Kosningaskýrslur. I bindi.*